

Jólablað Völsungs



2014

Frá ritstjóra

Útgáfa jólablaðs Völsungs er löngu orðinn fastur liður í starfi félagsins en líta má á blaðið sem glugga þar sem skyggst er inn í starf félagsins. Það má því segja að blaðið sé ákveðið uppgjör við árið sem er að líða. Um leið og blaðið er ákveðið uppgjör þá er það líka góð heimild um það mikla og góða starf sem unnið er á vegum Völsungs bæði innan og utan vallar.

Sjálfur hóf ég störf hjá Völsungi 15. apríl síðastliðinn og hef því fylgt féluginu megnið af árinu. Miklar breytingar hafa átt sér stað á einu og hálfu ári og þá sérstaklega hvað varðar utanumhald um fjárhag félagsins. Þessar breytingar eru af hinu góða og munu tryggja féluginu traustan grunn sem hægt verður að byggja á og efla starf félagsins um ókomna tíð.

A vordögum tók Völsungur við rekstri íþróttavalla og sumarskóla, eitthvað sem hefur verið í höndum bæjarins undanfarin ár. Sumarskólinn var sérstaklega skemmtilegur og verður fjallað sérstaklega um hann síðar í blaðinu.

Miklar breytingar hafa orðið á aðstöðu félagsins til íþróttaiðkunar og má þar nefna gervigrasvöllinn sem mikinn áhrifavalð. Aðstaða til knattspyrnuiðkunar í bæjarfélaginu er með allra besta móti og eru félög víðsvegar að farin að leitast eftir að heimsækja okkur og spila æfingaleiki. Þór og KA hafa verið sérstaklega áhugasöm og komið reglulega með yngri flokka sína. Þarna er að opnast tækifæri sem vert er að skoða frekar. Einnig er vert að geta þess að völlurinn er notaður meira en bara til knattspyrnuiðkunar. Félag eldri borgara hittist reglulega á vellinum til að ganga, gönguskiðakappar koma á sérstökum hjólaskiðum til að æfa, hlaupahópurinn Skokki hleypur á vellinum og fjöldi manns nýtir sér völlinn til göngu á öllum tímum sólarhringsins. Gervigrasvöllurinn hefur ekki bara haft góð áhrif utandyra. Flestir yngri flokkar í knattspyrnu eru hættir að æfa innan dyra og við það hefur skapast aukið rými í íþróttahöllinni sem nýst hefur öllum deildum félagins.

Starf Völsungs er margþætt og eru margir iðkendur sem keppa undir merkjum félagsins ár hvert. Völsungur hefur alið upp marga góða íþróttu- og félagsmenn í gegnum árin og mun halda því áfram. Félagið er drifið áfram af sjálboðaliðum og vinnu þeirra og ber að þakka öllum þeim sem hafa komið að starfinu á líðnu ári.

Að lokum vill ég nota tækifærið og þakka öllum sem komu að blaðinu á einn eða annan hátt. Blaðaútgáfa er flókið ferli og ekki hríst fram úr erminni á einum dagsparti. Margir koma að blaðinu og vil ég þakka öllum pistlahöfundum sem ljáðu blaðinu efni, Höllu Rún sem var prófarkalesari blaðsins og um leið þeim aðilum sem styrkja félagið og tryggja grundvöll blaðsins.

Með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óskir um gleðileg jól.
Jónas Halldór Friðriksson



*Starfsfólk FSH
sendir nemendum skólans
og öllum íbúum Norðurbings
innilegustu jólakveðjur.*

Megi árið 2015 verða gæfuríkt og gott!



**Framhaldsskólinn
á Húsavík**
Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki



Félagsgjald Völsungs

Við viljum minna félagsmenn á að félagsgjaldið hefur verið sent út. Í ár var gjaldið sent út sem valgreiðsla inn í heimabankann þinn.

Valgreiðslur geta verið faldar í heimabankanum þínnum og því þarf að fara í ógreidda reikninga eða stillingar til að kalla þær fram. Þar hefur þú val um að greiða eða fella greiðsluna.

Árgjaldið er 3000,-kr. og er einnig hægt að leggja það inn á reikning 0567-14-400558, kt: 710269-6379 og senda staðfestingu á volsungur@volsungur.is



Áfram Völsungur



Við óskum Húsvíkingum og nærsvitungum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða. Bestu Jólakveðjur. Anna Soffía og María.




Urðarprent ehf.
Urðarprent Húsavík

Ávarp formanns

Þegar að ég horfi til baka yfir árið 2014, þá var þetta að mörgu leiti gott ár hjá Völsung. Okkur hefur gengið mjög vel að ná skuldu knattspyrnudeildar niður og hafa margir lagt hönd á plóg við að ná þeim árangri, fyrir það er ég afar þakklát.

Aðalstjórn byrjaði árið með að hafa kaffisamsæti fyrir eldri félaga Völsungs þetta var ánægjuleg og skemmtileg stund sem að við eignum eftir að endurtaka. Í upphafi árs var ákveðið að Völsungur tæki að sér rekstur knattspyrnuvallanna og sumarskólan til reynslu í eitt ár, þetta gekk það vel að allra mati þannig að unnið er að því að klára samning við bæinn um áframhaldandi samstarf.

Það er komin sú regla á hjá aðalstjórn að hitta formenn deilda tvísvar á ári til að fara yfir starfið og skiptast á skoðunum um það sem betur má fara og það sem vel er gert, fundirnir eru haldnir í febrúar og október. Þetta eru góðir og gagnlegir fundir sem skilar sér inn í starfið. Kjartan Páll Þórarinsson sagði upp starfi framkvæmdastjóra í upphafi árs og ráðinn var nýr framkvæmdarstjóri Jónas Halldór Friðriksson hann hóf störf hjá féluginu í apríl. Við þökkum Kjartani Páli kærlega fyrir hans störf fyrir félagið og bjóðum Jónas velkominn til starfa. Aðalfundur félagsins var haldinn í byrjun júní sem er ekki ásættanlegt því samkvæmt lögum félagsins á að halda fundinn í apríl, fyrir þessu lágu margar ástæður sem ekki er ástæða til að telja upp. En á fundinum fór Emilía Aðalsteinsdóttir úr stjórninni og inn kom Rannveig Þórðardóttir, ég vil þakka Emilíu kærlega fyrir hennar störf fyrir félagið, en Milla eins og hún er alltaf kölluð hefur setið í aðalstjórn félagsins í mörg ár og einnig í stjórn fimleikadeilda. Rannveigu býð ég velkomna til starfa innan aðalstjórn félagsins. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elín Gunnsteinsdóttir ritari, Már Höskuldsson meðstjórnandi, Lúðvik Kristinsson meðstjórnandi og Víðir Svanson og Rannveig Þórðardóttir varamenn. Varamenn sitja alla fundi aðalstjórnar stjórnin hittist reglulega á hverjum miðvikudegi allt árið um kring fyrir utan það að við tökum einn mánuð í sumarfrí.

Björn Haraldsson endurskoðandi hefur endurskoðað reikninga Völsungs í mörg ár án endurgjalds, hann hefur nú ákveðið að segja sig frá því verkefni. Birni þökkum við kærlega fyrir hans störf fyrir félagið, þau verða seint full þökkuð.

Aðalstjórn stóð fyrir skyndihjálparnámskeiði fyrir þjálfara núna í upphafi haustannar, þetta er einn liður í því að styrkja og efla þjálfarana í starfi.

Aðalstjórn hefur ákveðið að ráðast í það að einangra efri hæðina í Vallarhúsin núna í nóvember og var leitað til félagsmanna með þá vinnu. Þegar því er lokið verður hita komið á efri hæðina, unnið verður síðan áfram samkvæmt plani þannig að við getum farið að nýta húsið sem best fyrir starfsemi félagsins.

Búið er að koma af stað sögunefnd Völsungs en hún hefur það verkefni að byrja að vinna að bók vegna 100 ára afmæli félagsins en það verður 12 apríl 2027. Aðalstjórn hefur lagt 100.000 kr inn á bók frá því að félagið var 85 ára og mun gera áfram fram að 100 ára afmælinu til að eiga sjóð þegar kemur að því að gefa bókina út.

Herrakvöldsnefnd Völsungs þeir Garðar, Sveinn, Pétur og Ingólfur hafa séð um Húsavíkurvöld í Reykjavík og Herrakvöld á Húsavík í nokkur ár. Þessir strákar hafa safnað nokkrum milljónum sem runnið hafa til félagsins. Völsungur vill þakka þeim kærlega fyrir þeirra þátt í því að efla og styrkja félagið.

Eg vil að lokum óska öllum Völsungum og Húsvíkingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þakklæti fyrir liði ár.

Guðrún Kristinsdóttir



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



P e k k i n g a r n e t
Þ i n g e y i n g a



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s

H Á S K Ó L I Í S L A N D S



Guðrún Kristinsdóttir og Björn Haraldsson.

Sundlaugin á Húsavík

OPNUNARTÍMAR UM JÓL OG ÁRAMÓT. 2014-2015

AÐFANGADAGUR 24.12
KL.10.00-13.00

JÓLADAGUR 25.12. LOKAÐ

ANNAR Í JÓLUM 26.12 KL. 10.00-13.00

GAMLÁRSDAGUR 31.12 KL.10.00-15.00

NÝÁRSDAGUR. 01.01 2015. LOKAÐ

Aðra daga er opnunartími
eins og venjulega.

ATH!

Seinni tímamörk tákna þann tíma er
gestir skulu hafa yfirgefið bygginguna.

ÁRAMÓTABRENNNA og FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR

Í ÁRAMÓTABÁLKESTI BÆJARINS
KL. 16:45 PANN 31. DESEMBER.

Í PRÓTTAFÉLAGID VÖLSUNGUR

SÉR UM AD TENDRA ELDINN.

KIWANISKLÚBBURINN SKJÁLFANDI
VERÐUR MED FLUGELDASÝNINGU.

KOMUM SAMAN OG KVEDJUM ÁRID 2014
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.

MUNID AD KOMA HVORKI MEÐ FLUGELDA
NÉ BLYS AD BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA
HJÁ KIWANIS SJÁ UM PÁ HLUTI.



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Pökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Íþróttamaður Húsavíkur 2013

Íþróttamaður Húsavíkur er valinn í febrúar ár hvert. Nefnd á vegum Kiwanisklúbbsins Skjálfanda sér um valið og annast afhendingu verðlauna. Veitt eru verðlaun fyrir frammistöðu, ástundun og árangur á liðnu ári. Hefð er fyrir því að veita verðlaunin í framhaldi af Opna Húsavíkurmótinu í Boccia. Ákveðin regla og hefð er fyrir því hvernig stig eru gefin og er þar tekið mið af ástundun, framförum, árangri í keppni innan félagsins, á héraðsvettvangi, á landsmótum, val í landslið og þátttökum í keppni fyrir Íslands hönd á mótmum erlendis.



Að þessu sinni voru send erindi til forsvarsmana 15 íþróttagreina og óskarð eftir tilnefningum í 30 flokka. Svör bárust frá öllum en 4 deildir ákváðu að tilhefna enga að þessu sinni. Þetta var Blak-, Siglinga-, Skíðagöngu- og Mótorkrossdeild Völsungs. Einnig voru nokkrar deildir sem tilhefndu einungis í öðrum aldursflokknum.

Sextán íþróttamenn voru heiðraðir fyrir afrek sín og ástundun í 11 íþróttagreinum en auk þess var afhentur "Hvatningabikar ÍF". Bocciamáðurinn Rut Guðnýjardóttir hlaut Hvatningabikarinn að þessu sinni.

Eftirtaldir einstaklingar urðu í þrem efstu sætunum í valinu og fengu þeir auk þess sérstök verðlaun í formi ferðastyrks frá Kiwanisklúbbnum.

Í 3.sæti varð Jóna Rún Skarphéðinsdóttir bocciamáður, í 2.sæti varð Ásgeir Sigurgeirsson knattspyrnumáður og í 1.sæti og Íþróttamaður Húsavíkur 2013 varð Hulda Ósk Jónsdóttir, knattspyrnumáður. Hulda hlaut nafnbótina fyrir frábæran árangur á knattspyrnuvelliunum með kvennaliðum Völsungs en hún spilaði bæði með 3. flokki og meistararaflokki í deild og bikar. Árið 2013 var Hulda valin í U16 ára landslið Íslands og spilaði 3 leiki með liðinu. Hún var auk þess valin í U17 ára landsliði, þar sem hún spilaði 10 leiki í undankeppni EM og á Norðurlandamótinu og skoraði hún 4 mörk í þeim leikjum. Hulda var því vel af nafnbótinni komin. Á vordögum gekk hún til liðs við KR á og spilaði stórt hlutverk þegar liðið tryggði sér þáttökurétt í Pepsi-deild kvenna á nýjan leik.

<p>Gleðileg jól farsælt komandi ár þökkum viðskiptin á liðnum árum.</p> <p></p> <p>Bílabjónustan ehf. Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík Sími 464 1122</p>	<p>Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.</p> <p> Gentle GIANTS</p> <p>Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is Heimasíða: www.gentlegiants.is</p>	<p>Óskum viðskiptavinum okkar og öðrum þingeyingum Gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. þökkum viðskiptin</p> <p> Viðbót kjötvinnsla</p>
---	---	---

<p>Gleðileg jól og farsælt komandi ár</p> <p> Snyrtistofan HILMA Sími: 464 1837</p> <p>HÁRFORM SÍMI: 464 2929</p>	<p></p> <p> Gleðileg jól og farsælt komandi ár. þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.</p> <p></p>
--	---

<p>Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.</p> <p></p> <p>STEINSTEYPIR</p>	<p>Óskum Húsvíkingum og þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. þökkum viðskiptin á árinu.</p> <p> GARDARSHÓLMI SÍMI 464 2325</p>	<p>Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.</p> <p></p> <p> BRETTI SAH BRETTI • Urðargerði 1 • 640 Húsavík Sími: 464 1020 & 864 1020 • Kl.: 650808-2230</p>
---	---	--

<p>Óskum þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.</p> <p></p>	<p>Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. þökkum viðskiptin á árinu.</p> <p></p>	<p>Óskum gestum okkar og öðrum Húsvíkingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir samskiptin á árinu.</p> <p></p>
---	---	---

Jólahugvekja sóknarprests

Biblian er vitnisburður um Jesú Krist. Það má líkja henni við stórt málverk sem dregur upp mynd af frelsara mannanna. Þegar menn horfa á málverk af manni, beinist athyglir fyrst að andlitinu, því að andlitssvipurinn birtir öðru fremur huga og skaphöfn mannsins. En líkamsbygging hefur líka sitt til málanna að leggja, tilburðir, klæðaburður. Og loks ber að gefa gaum að bakgrunninum. Málarinn vill túlka eitthvað með umhverfinu, lýsingu og skyggingu, byggingu og samsetningu myndarinnar. Allt hjálpar á sinn hátt til að gæða myndina lífi.

Sú mynd af Kristi sem Guð hefur gefið okkur í Bíblíunni hefur sitt andlit. Andlitið er dregið upp í guðspjöllunum. Sú mynd er í fullri stærð. Hún verður hvorki fullkomin né sönn nema að hún sé í fullri stærð. Bygginguna fáum við í ritum Nýja testamentisins. Og loks hefur Kristi mynd Bíblíunnar sinn bakgrunn og umhverfi og nýtur sín ekki án þess. Þetta umhverfi felur í sér sæg atburða og persóna. Það kann að trufla athygli okkar. En þegar við höfum komið auga á hvernig þessu öllu er skipað um meginmyndina þá fæst yfirsýn yfir það og merking.

Línum aðeins á þetta. Fremst á svíðinu eru Pétur, Páll, Jakob og Jóhannes og öll frumkirkjan. Fjærst í baksýn gægist fram tómið mikla og myrka þar sem máttarorð Guðs heyrist: „Verði!“ Síðan koma þeir hver á fætur öðrum: Abraham á leið til fyrirheitna landsins, Jakob horfandi á himnastigann í Betel, Jósef seldur mansali til Egyptalands. Þar sést eldstólpinn og skýið, fyrrmyndan Kristi og leiðsagnar hans úr þrældómnum í Egyptalandi. Þar leiftra eldingarnar um Síná. Síðan kemur öll þessi örlagaprungra saga, sagan um ögun og uppfóstrun þessarar þjóðar sem Messías skyldi fæðast af en Messías er konungstitill. Þar ber mest á spámönnunum. Allir benda þeir til Kristi og frá þeim öllum falla ljósbrot yfir mynd hans. Þannig lýkst Gamla testamentið um Krist eins og lifandi umgjörð og bakgrunnur. Það gefur ekki aðeins hugmynd um þann heim sem hann fæddist til heldur líka skuggann af honum sjálfum, já útlínur sjálfar myndar hans.

Gamla testamentið er líkt málverki þar sem sjálfa meginmyndina vantar enn. Í miðið er aðeins stór eyða sem sýnir útlínur Mannssonarins og kirkju hans en Kristi er líkt við hann. Nýja testamentið fyllir í þá eyðu. Þessi líking getur hjálpað til við að skilja hvers vegna Gamla testamentið er ómissandi og raunverulegur boðskapur frá Guði sjálfum enda þótt að það sé ekki sambærilegt við Nýja testamentið. Það er munur á bakgrunni og myndinni sjálfrí. Þetta getur líka hjálpað að skýra þau torskildu atriði sem fyrir verða.

Ef rýnt er í málverk með stækkunargleri kemur í ljós að enginn pensilldráttur er nákvæm samsvörun veruleikans. Ekki eitt hár, felling eða hrukka er dregin af nákvæmni stafrænnar ljósmyndar. Og samt er ekki að efa að mynd sem er málúð af listamanni er auðugri og sannari en ljósmynd getur nokkru sinni orðið. Listamaðurinn túlkar persónueinkenni og meginatriði. Hann handsamar í einni mynd það sem kemur fram við ólíkustu tækifæri eða hylst bak við hversdagssvip mansins. Þannig gerir listamaðurinn margfalt raunhæfari, ljósari og sannari mynd en mögulegt er með hinni fullkomnustu ljósmyndun. Sama máli gegnir raunar um frásögn í orðum. Sá sem sögu segir er líka listamaður þótt hann noti orð en ekki liti. Þegar lýst er einhverju sem hefur borið við hentar ekki alltaf að tína allt til. Það verður að velja og hafna. Í því er einmitt listin fólgin, að ná því sem máli skiptir, takar meginatriði og einkennisdrætti og skipa efninu þannig að úr verði mynd sem sé bæði lifandi og sönn. Og sönn er hún ef það sem fram kemur eru megindrættir og það sem sérkennir. Sá sem segir frá er líka málari, ekki ljósmyndari. Ljósmyndun söguefnis er ekki möguleg.

Jólafrásaga Lúkasar guðspjallamanns (Lúk. 2.1-14) er þekktasta frásaga Nýja testamentisins. Þar segir frá fæðingu Jesú Kristi. Lúkas var listmálarí i þeim skilningi að hann týndi ekki allt til heldur valdi og hafnaði. Hann dró fram meginatriði og einkennisdrætti og skipaði efni jólafrásögunnar þannig að úr varð mynd sem er bæði lifandi og trúverðug.

Listmálarar hafa túlkað hana hver með sínum hætti á striga í gegnum aldirnar. Þar hefur hver einasta pensilstroka sína merkingu og þeir sem hafa horft á þessi málverk fram til okkar tíma hafa túlkað þau með sínum hætti. Þau hafa vafalaust verið áhrifarík þeim sem ekki kunnu að lesa framan af öldum og vakið trú í brjóstum þeirra margra.

Ég var einu sinni spurður að því hvort ég ætlaði að mála nýja altistarstöflu í Húsavíkurkirkju? Það ætla ég ekki að gera. Það gengur enginn í spor Sveins Þórarinssonar né annarra listamanna sem hafa túlkað frásögur Bíblíunnar með pensildráttum á striga. Ég get hins vegar hugsað mér að mála þá mynd af jólafrásögunni sem ég geymi í huga mínum og hjarta.

Hvaða mynd geymir þú í huga þínum og hjarta af jólafrásögu Lúkasar guðspjallamanns? Hvaða pensilstrokur höfða til þín í þeirri sögu? Skipta þær þig málí? Lætur þú annríki aðventunnar trufla þig frá því að hugleiða merkingu jólafrásögunnar fyrir þig sjálf/a/n? Eða stendur þú með sjálfri/um þér til að geta gefið gaum að boðskap jólafrásögunnar þrátt fyrir annríkið? Taktu Bíblíuna þína í hönd að kvöldi til og flettu upp á efnisyfirlitinu. Þar finnur þú Lúkasarguðspjall 2: 1-14. Láttu jólafrásögu Lúkasar verka á huga þínum og hjarta. Virtu fyrir þér eintakar pensilstrokur í bakgrunninum og sjáðu hvernig frásagan tekur á sig fallega heildar mynd í huga þínum og hjarta. Virtu fyrir þér andlit jólabarnsins sem hvílir í stalli lágum. Guð gefi að sannur jólafriður færst þá yfir þig.

**Gleðileg jól.
Séra Sighvatur Karlsson**



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



orkusalan



Yngri flokkar í knattspyrnu

Barna og ungingaráð Völsungs

Í barna- og ungingaráði erum við fjögur starfandi ásamt Jónasi framkvæmdarstjóra. Okkar verkefni eru fjölbreytt og skemmtileg. Í haust höfum við haft í nögu að snúast t.d. í að raða niður æfingatínum úti og inni og finna þjálfara fyrir alla flokka. Það er ekki alltaf einfalt að fá þjálfara til starfa en við höfum þó verið nokkuð heppin með það að við erum með þjálfara á okkar snærum sem hafa þjálfad hjá okkur í langan tíma og eru oft tilbúnir að bjarga málunum. Einnig höfum við þurft að ráða aðstoðarþjálfara í mörgum flokkum þar sem iðkendur eru margir sem er auðvitað sérlega ánægjulegt. Við höfum verið með reglulega markmannsþjálfun fyrir iðkendur og vonumst eftir að á næstunni bætist við styrktarþjálfun fyrir 4. flokk og eldri. Við höfum verið að vinna í því að setja saman ráðningarsamning fyrir þjálfara okkar sem ætti að bæta starfsumhverfi þeirra og stöðu okkar. Það má því segja að það sé alltaf verið að vinna að því að þróa og bæta starfið í knattspyrnunni.

Til að allt geti gengið upp hjá okkur þurfum við að leita til fyrirtækja til að aðstoða okkur við að kaupa það sem til þarf til að hægt sé að iðka knattspyrnu með góðu móti eins og t.d. vesti, bolta og keilur svo eitthvað sé nefnt. Framsýn gaf okkur vesti handa yngri flokkunum í sumar og Múri ehf. gaf okkur bolta og vesti fyrir 8. flokk. Allt er þetta ómetanlegt í okkar starfi og færum við okkar bestu þakkir til þessara aðila.

Elín Pálmaðóttir, formaður barna- og ungingaráðs

2. og 3. flokkur karla

Völsungur sendi í fyrsta skipti í mörg ár 2. Flokk karla til leiks í Íslandsmóti. Ástæðan var einföld, ekki voru nægilega margir strákar í 3. Flokknumsvö hægt væri að halda úti 11-manna liði með. Við gátum því notað stráka sem gengnir voru uppí meistaraflokk í leikina. Það voru ekki alltaf margir að æfingum hjá okkur í veturnar en það smá fjöldaði eftir því sem leið á vorið. Við fengum erfitt verkefni ferðalega séð, því við þurftum að fara á Höfn, Ísafjörð, Ólafsvík, Grindavík og Reykjavíkursvæðið. Löng og mikil ferðalög framundan sem náiðist þó að laga með því að taka 2-3 leiki í ferð og Ísfirðingar hitti okkur á Blönduósi eina helgi þar sem spilaðir voru tveir leikir.

Úrslit leikjanna voru kannski ekki alltaf frábær en það voru miklar framfarir og menn voru í langflestum tilfellum að leggja sig mikið fram til þess að bæta spilamennsku sína.

Það verkefni að ráðast í 2. flokk fannst okkur ganga mjög vel og eitthvað sem við verðum að halda áfram að gera, verkefni fyrir stráka sem eru ekki komnir í hóp hjá meistarflokk og þá sem eru að stíga upp úr 3. flokknum eru alveg nauðsynleg. Ofan á það að vera með stráka sem voru að æfa í 3. flokki áður fengum við inn stráka sem voru hættir á 2. flokks aldri sem vonandi halda áfram að spila næstu ár eftir þetta. Skilaboðin eru einföld, strákar þið verðið að vera duglegir að mæta á æfingar svo hægt verði að halda uppi 2. flokki næstu ár.

Kv. Unnar Þór og Alli Jói

3. flokkur kvenna

3. flokkur kvenna var okkar fámennasti hópur og skráðum við okkur bara með sjö manna lið til keppni.

Í því móti voru bara tvö lið, Völsungur og Sindri.

Fyrst fórum við á Höfn og töpuðum sannfærandi. En seinna um sumarið komu svo Sindrastelpur í heimsókn til okkar. Eftir að við höfðum leitt, allan leikinn tókst Sindrastelpum á einhvern hátt að vinna þann leik líka og var því 2. sæti okkar hlutskipti.

Eftir þetta fóru stelpurnar að æfa meira með mfl. kvk. og spiluðu eitthvað með þeim.

Alli Jói



4. flokkur karla.

Yfir vetrartímann þjálfáði Stefán Jón Sigurgeirsson flokkinn. Um miðjan maí tók undirritaður, Boban Jovic, við flokknum og þjálfáði hann út sumarið. Verkefni sumarsins, íslandsmótið, hófst 29. maí og má segja að það hafi hafist með flugeldasýningu. Strákarnir unnu fystu þrjá leikina, í framhaldinu gerðu þeir eitt jafntefli og töpuðu þrem. Í sumar lögðum við áherslu á að spila boltanum og tókst það vel. Strákarnir tóku miklum framförum á æfingum og spiluðu á köflum feikilega vel saman og var gaman að fylgjast með þeim. Vonandi eignum við eftir að sjá sem mest af þeim í framtíðinni.

**Jólakveðjur.
Boban Jovic**



4. flokkur kvenna

4. flokkur kvenna tók þátt í Íslandsmótinu í sumar og spiluðu 10 leiki.

Við byrjuðum að renna á Höfn. Keyrðum yfir Öxi við mismikinn fögnuð stelpnanna. Á heimleidinni stoppuðum við á Neskaupstað. Spiluðum sem sagt við Sindra og Fjarðarbyggð/Leikni í fyrstu ferð og töpuðust báðir leikirnir 4-3.

Það var svoltið saga sumarsins að tapa með minnsta mun.

Af þessum 10 leikjum áttum við sjö góða leiki. Sem hefur nú oft skilað fleiri stigum en það gerði í sumar. En svona þegar maður hugsar til baka þá lærdu stelpurnar helling í sumar og þegar kemur að því seinna að spila svona háspennu leiki munu úrslitin detta okkar megin.

Í lok sumars voru svo þjálfar stelpur úr þessum hópi valdar til að fara á Hæfileikamót KSÍ en það voru þær Alexandra Dögg, Arnhildur og Krista Eik.

Alli Jói



5. flokkur karla

5. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum í Íslandsmóti auk þess að keppa á N1 mótið sl. sumar. Leikið var heima og heiman við Þór, KA, Hött og Fjarðarbyggð/Leikni í Íslandsmótinu. A liðið spilaði á köflum mjög vel, þratt fyrir töp, gegn sterkum liðum Þórs og KA og voru strákarnir óheppnir að ná ekki jafntefli hér heima á móti KA. Liðið vann báða leikina gegn Hetti, unnu heimaleikinn á móti Fjarðarbyggð/Leikni en töpuðu útileiknum þar sem Elmar hóf nánast leikinn á því að viðbeinsbrotna og er óhætt að segja að sú uppákoma hafi haft tölverð áhrif á liðsfélaga hans. Niðurstaðan varð sú að liðið náði þriðja sæti í riðlinum eftir nokkurs konar úrslitaleik um það sæti í heimaleiknum gegn Hetti. Það þyddi að liðið komst í umspilsleik við Kormák/Hvöt um hvort liðið kæmst í úrslitakeppni Íslandsmótsins. Leikið var á hlutlausum velli á Akureyri þar sem við áttum ekki nóg góðan dag og niðurstaðan 1-0 tap. Svekkjandi niðurstaða þar sem að mat „sérfræðinga“ var að lið Kormáks/Hvatar hefði verið af svipuðum styrkleika og lið Hattar sem við höfðum unnið tvívar í riðlakeppnni. B-liðið lenti í erfiðum riðli og lék í öllum tilfellum við töluvert sterka andstæðinga. Þratt fyrir óhagstæð úrslit náðist alltaf að „setjann“ og aldrei bar á því að okkar menn ætluðu að gefast upp. Líta verður á þetta sem dýrmæta reynslu og hvatningu til að æfa enn betur og sýna enn meiri framfarir.



Þratt fyrir að veðrið hafi leikið við okkur í sumar er óhætt að segja að veðurguðirnir hafi verið eitthvað illa upp lagðir þegar N1 mótið fór fram á Akureyri. Það rigndi eldi og brennisteini alla mótsdagana sem hafði þó ekki nokkur áhrif á okkar menn. Við skráðum tvö lið til leiks og lento bæði lið í mjög jöfnum og skemmtilegum riðlum, B-lið annars vegar og E-lið hins vegar. Lokaleikur B-liðsins í riðlinum var við efsta lið riðlsins, Breiðablik. Um hörkuleik var að ræða og næg verkefni fyrir bæði lækní og sjúkraþjálfsara á beknum. 1-1 þangað til á síðustu mínútu þegar Blikar skora glæsilegt skallamark sem tryggði þeim sigurinn. Vonbrigðin að sjálfssögðu mikil hjá okkar mönnum en frammistaðan engu að síður glæsileg. E-liðið, skipað leikmönnum sem spiliðu í B-lið í Íslandsmótinu, fékk uppreisn æru á mótinu. Liðið fékk verkefni við hæfi og þegar upp var staðið var jafnvægið á milli sigra og tapa nánast algjört. Síðasti leikur liðsins var við sterkt lið Breiðabliks í vatnsleikjagarði veðurguðanna. Leikið var kl. átta á laugardagsmorgni og eins og vanalega lögðu okkar menn sig alla fram. Óhætt er að segja að gilt sundskírteini hafi komið sér vel því bæði var boðið upp á grunna og djúpa laug á vellinum. Leikurinn tapaðist naumlega eftir gríðarlega baráttu og lauk þar með þátttökum Völsungs á N1 mótið þetta árið. Niðurstaðan er býsna gott fótboltasumar og með áframhaldandi dugnaði og áhuga gætu þarna leynst framtíðarleikmenn félagsins. Vil að lokum þakka drengjunum fyrir frábært sumar og óska Völsungum öllum ánægjulegra jóla.

Jón Höskuldsson



5. flokkur kvenna

Það voru 24 stelpur sem æfðu síðastliðið ár í 5. flokki. Þær voru mjög duglegar að mæta á æfingar og má segja að þessi hópur sé gott dæmi um hvað mætingasókn og samviskusemi á æfingum skilar sér í árangri. Í mars var farið með þrjú lið á frábært Goðamót, þar var góður árangur bæði innan vallar sem utan, A liðið átti erfitt uppdráttar en óx eftir því sem leið á mótið og stóð sig í heildina vel, C liðið spilaði nokkuð vel og fór óþarflega létt í gegnum mótið og stóðu uppi sem sigurvegarar í sínum styrkleikaflokki, E liðið spilaði mjög jafna og góða leiki allt mótið og endaði það með góðum úrslitum.



Íslandsmótið var svo í gangi í allt sumar, við vorum með KA, Þór og KF/Dalvík í riðli og spiliðum þrefaldar umferð. Óhætt er að segja að liðin hafi farið frekar rólega af stað, A liðið var stressað og hafði ekki trú á eigin getu en B-liðið spilaði jafna leiki og náði ágætum úrslitum. Það var síðan vendipunktur hjá báðum liðum liðum um mitt sumar eftir slæm töp fyrir Þór á útvelli, bæði liðin spiliðu af miklu öryggi þá leiki sem eftir voru, með fulla trú á eigin getu og voru hársbreidd frá því að komast í úrslit.

Hápunktur sumarsins var án nokkurs vafa þátttaka félagsins á Símmamótinu í Kópavogi í júlí. Þangað fórum við með þrjú lið. Óhætt er að segja að liðin hafi öll náð góðum árangri, leikgleði, dugnaður, ákvæðni, þor og trú á eigin getu var alls ráðandi og spiliðu öll liðin skemmtilegan fótbalta sem allir gátu verið stoltir af. Þetta skilaði því að liðið sem vann Goðamótið gerði sér lítið fyrir og vann Símmamótið í sínum styrkleikaflokki og svo fengu allar stelpurnar háttvisiverðlaun fyrir góða framkomu innan vallar sem utan.

Það er óhætt að segja að í þessum hópi er mikill efniviður sem með áframhaldandi samviskusemi og dugnaði á eftir að láta til sín taka og vera félagini okkar til sóma á næstu árum.

Takk fyrir skemmtilegan tíma, haldiði áfram að mæta samviskusamlega á æfingar, hlustið og lærið af þjálfurum ykkar og þá eru ykkur allir vegir færir.

**Boltakveðja
Unnar Þór og Berglind Jóna**

6. flokkur karla

Í sjötta flokki karla vorum við með rétt tæplega 20 stráka að æfa í sumar. Æfingar voru fjórum sinnum í viku, mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag kl.11:15.



Mér til aðstoðar við þjáfunina voru, Águst Þór og Rúnar Þór.

Það var miðið um að vera hjá þessum flokki í sumar því snemma var tekin síða ákvörðun að taka þátt í fimm móturnum yfir sumartímanum.

Fyrst var það móti á Egilstöðum, dagsmóti þar sem við fórum með þrjú lið til keppni. Ótrúlega flott móti sem minnti mann á að stóru móti þurfa ekki alltaf að vera skemmtilegust.

Tveimur dögum síðar var Pollamót, Íslandsmót í 6. flokki karla.

Það var spilað á Húsavík. Aftur vorum við með þrjú lið. Andstæðingar okkar á þessu móti voru, að einum leik undanskildum, Þór og KA og voru flestir leikirnir brekka hjá okkur.

Um miðjan júlí var farið á Strandarmót og eins og á öll hin mótin í sumar fórum við með þrjú lið.

Í ágúst var svo farið á Króksmót og var það okkar stærsta verkefni. Gistimót þar sem var gist í tvær nætur. Okkar strákar stóðu sig með sóma innan vallar og spiluðu oftast mjög flottan fótbalta. Utan vallar gekk einnig vel en þeir fengu verðlaun fyrir að vera prúðastir á mótinu.

Síðasta vekefnið var svo Kiwanismótið. Þar sem við enduðum gott sumar á heimavelli, með mörgum flottum tilþrifum.

Alli Jói



6. flokkur kvenna

Það voru um 15 stelpur sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Þær voru mjög duglegar að mæta á æfingar og tóku þar af leiðandi miklum framförum og oft var mikil líf og fjör á æfingunum. Í mars var farið með þrjú lið á frábært Goðamót, þar var góður árangur bæði innan vallar sem utan og óhætt að segja að þar hafi leikmenn þroskast og orðið til vinabönd til framtíðar.

Um miðjan júní fórum við á Hnátumót á Dalvík, þar vorum við með þrjú lið og spiluðum níu leiki sem fóru á alla vegu en gleðin var við völd og allir glaðir begar heim var komið.

Síðustu helgina í júní var svo farið á Landsbankamót á Sauðárkróki þar sem stelpurnar stóðu sig vel og var mjög gaman hjá okkur, enn og aftur var góður árangur innan sem utan vallar, eitt liðið gerði sér lítið fyrir og vann mótið í sínum styrkleikaflokk og svo fékk félagið háttvísirverðlaun fyrir góða framkomu innan sem utan vallar. Í lok sumars spiluðum við svo hér á heimavelli á Kiwanismótinu og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði og góður árangur.

Takk fyrir skemmtilegan tíma, halddið áfram að mæta samviskusamlega á æfingar, hlustið á þjálfarana ykkar og þá eru ykkur allir vegir færir.

Boltakveðja

Unnar Þór og Hafdís Dröfn

7. flokkur

Í sjóunda flokki æfa saman strákar og stelpur í fyrsta og öðrum bekk. Í sumar voru 25 krakkar að æfa hjá okkur, 14 strákar og 11 stelpur, sem æfðu þrisvar sinnum í viku mánuðaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl.10. Annars voru krakkarnir duglegir að mæta og held ég að það hafi nánast alltaf verið yfir 20 krakkar á æfingu hjá okkur.

Við vorum fjögur að þjálfa þennan hóp, en mér til aðstoðar var ég með þríburana two, Ágúst Þór og Rúnar Þór og Hafdís Dröfn.

Við settum þetta upp þannig að við ætluðum að reyna að hafa eins gaman og mögulegt væri ásamt því að reyna að kenna krökkunum helsta grunn fótboltans og held ég að það hafi gengið bara vel hjá okkur.

Í sumar fóru krakkarnir á tvö móti. Fyrst var það Strandarmót um miðjan júlí. En þangað fórum við með fimm lið. Þrjú strákalið og tvö stelpulið. Strandarmótið stóð undir væntingum eins og alltaf og allir skemmtu sér vel. Og svo var það Kiwanismótið hérrna heima. Eins og hefð er fyrir var spilað í roki og rigningu en ég held að það hafi gengið ótrúlega vel miðað við aðstæður hjá okkur.



Að lokum langar mig bara að þakka þessum framtíðar fótboltamönnum og konum kærlega fyrir skemmtilegt sumar :)

Alli Jói.

8. flokkur

Í sumar æfðum við tvívar í viku á gervigrasini upp við Borgarhólsskóla og fjöldi krakka á æfingu var mjög breytilegur allt frá 10-12 upp í 18-20. Og voru allar æfingar mjög fjörugar. Hápunktur sumarsins var Kiwanismótið sem halddið var í lok ágúst. Þar sem við fórum með tvö lið og krakkarnir stóðu sig frábærlega og var klárlega hægt að sjá miklar framfarir.

Takk kærlega fyrir sumarið og við vonum að sem flestir haldi áfram.

Ásrún Ósk Einarsdóttir og Jóney Ósk Sigurjónsdóttir.

Kiwanismótið 2014

Kiwanismótið fór fram 24. ágúst á Húsavíkurvelli. Mótið er halddið af foreldrum barna í 6. og 7. flokki og er fyrir þá flokka en einnig keppa börn úr 8. flokki á mótinu. Keppendur í ár voru um 240 sem er svipað og í fyrra og komu þeir frá Þór, Dalvík, Einherja, Magna og Hetti ásamt Völsungi.

Veðrið hefur sjaldnast leikið við okkur þau ár sem mótið hefur verið halddið og ekki var útlitið bjart í upphafi móts. Þegar mótið hófst var mikil rigning en þegar líða tók á mótið styttri upp og gerði ágætis veður. Mót þetta er alltaf hin mesta skemmtun enda okkar yngstu iðkendur sem eru stjórnur dagsins. Það er líka fjöldi foreldra sem fylgir börnum sínum og verður mikil líf á vellinum. Í lok móts fá allir keppendur verðlaunapening og grillalaða pyls. Mót þetta væri ekki hægt að halda án foreldra og Kiwanis sem er okkar aðalstyrktaraðili en einnig hefur Norðlenska gefið okkur pylsur til að grillla og brauðin höfum við fengið í Heimabakaríi.



VIÐ GERUM
BÍLINN KLÁRAN
FYRIR VETURINN

PIPAR\TBWA . SÍA • 143493



Veturinn er kominn og því þarf að sjá til þess að öryggisatriði bílsins séu í lagi. Hjá Olís fæst mikil úrval af vetrarvörum í hæsta gæðaflokki, s.s. rúðuvökvi, frostlögur, rúðusköfur, perur, tjöruhreinsir, þurrublöð og lása- og afisunarefni. **Lykilhafar Olís og ÓB fá 10% afslátt af bílavörum hjá Olís.** Sé þess óskað sjá starfsmenn Olís um að gera bílinn kláran fyrir veturninn.

Komdu við og njóttu framúrskarandi þjónustu á Olís.



Vinur við veginn

Fimleikar

Fimleikadeild Völsungs var að hefja sitt 27. starfsár nú í haust. Iðkendur eru um 50 talsins í fjórum deildum sem koma frá Húsavík, Kópaskeri, Mývatnssveit og Laugum. Líf og fjör hefur verið á æfingum, einkum hjá yngstu krökkunum og ánægjulegt að segja frá því að í þeirra hópi fjölgæði mikið í haust. Þjálfarar í vetur eru Guðrún Kristinsdóttir, Huld Grímsdóttir, Halldóra Valdimarsdóttir, Sigrún Lilja Sigurðardóttir og Ruth Þórarinsdóttir. Magnea Örvarsdóttir kemur í afleysingar. Síðasta veturnar bjálfaðu Jónína Rún Agnarsdóttir og Elma Rún Þráinssdáttir elsta hópinn og viljum við þakka þeim vel unnin störf bæði sem iðkendur og þjálfarar.

Í vor fóru nokkrir krakkar á fimleikamót á Akranesi þar sem keppt var við lið sem eru svipuð að getu og okkar lið. Sú ferð heppnaðist vel og voru allir sáttir og glaðir þegar heim kom. Í ágúst fór svo 14 barna hópur ásamt þjálfurum og nokkrum foreldrum til Ollerup í Danmörku í viku æfingabúðir. Nánar er fjallað um ferðina í sér pistli.

Í haust fóru þjálfarar okkar á þjálfaranámskeið hjá Fimleikasambandinu og luku fyrsta stigs þjálfunarnámskeiði.

Fimleikar eru góð allliða þjálfun og nýtist vel fyrir aðrar greinar, t.d. fótbalta og frjálsar. Það væri því óneitanlega skemmtilegt að sjá jafnara kynjahlutfall, af fimmtíu iðkendum eru einungis sex strákar sem gefa stelpunum ekkert eftir!

Áralöng hefð er fyrir fimleikasýningum tvísvar á ári, fyrir jólin og á vorin og fer þá ekki milli mála hvað krökkunum fer mikið fram á milli sýninga.

Í stjórn fimleikadeildarinnar þetta starfsár eru Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg Kristín Steinbergsdóttir, Helga Þuriður Árnadóttir og Kristjana Rikey Magnúsdóttir.

Að lokum óskum við lesendum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Kristjana Rikey Magnúsdóttir



Ferð fimleikadeilda til Ollerup í Danmörku.

Lagt var af stað frá Borgarhólsskóla laugardaginn 2. ágúst kl. 20:00, hópurinn samanstóð af 14 iðkendum 13 stelpum og einum strák, fararstjóra, þjálfara og 6 foreldrum. Keyrt var til Keflavíkur þaðan sem flogið var til Kaupmannahafnar. Eftir smá lestarhremmingar komumst við á leiðarenda sunnudaginn 3 ágúst. Æfingar hófust strax að loknum kvöldmat og stóðu fram á kvöld. Það voru þreyttir ferðalangar er lögðust á koddann eftir langt og strangt ferðalag.

Á manudeginum hófst prógrannið sem var svipað alla daga. Fimleikaæfingar voru í 5 tíma á dag, auk þess sem krakkarnir fengu þjálfun í dýfingum, parkour, klifur, bogfimi ofl.

Krakkarnir æfðu við frábærar aðstæður undir stjórn menntaðra þjálfara. Sjúkraþjálfarar og læknar voru ekki langt undan. Tveir íslenskir þjálfara voru í Ollerup meðan við dvöldum þar, þær Íris og Karen frá Gerplu í Kópavogi og reyndust þær krökkunum mjög vel.

Ollerup þjálfarar frá Norðurlandaþjóðunum sáu um atriði á kvöldvökum og kom þriðjudagsvöldið í okkar hlut. Okkar framlag var kynning á Húsavík við undirleik Skálmalda. Ruth Þórarinsdóttir setti myndbrotið saman sem sýnt var við góðar undirtektir. Að lokum sungu krakkarnir lagið "Á Sprengisandi"

Þjálfararnir í Ollerup stóðu fyrir þremur sýningum í fimleikum, parkour og dýfingum. Allt saman glæsilegar sýningar enda fagfólk með langa reynslu og æfingar að baki.

Ferðin gekk í alla staði vel og var mjög skemmtileg, krakkarnir töku virkan þátt í öllu því sem í boði. Ferðin endaði í Kaupmannahöfn þar sem borgin var skoðuð, farið í búðir og Tívóli. Komið var heim sunnudaginn 10. ágúst eftir vel heppnaða ferð.

Fimleikadeildin vill þakka öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum er studdu okkur ásamt Norðuþingi og Völsungi.



Fróðleikur úr sögu Völsungs

Vissir þú.....

að fyrsti formaður Völsungs hélt Jakob Hafstein?

að merki Völsungs teiknaði Jakob Hafstein og hefur það verið eins frá upphafi?

að í fyrstu lögum félagsins máttu félagsmenn ekki vera eldri en 16 ára og ekki yngri en 10 ára?

að fyrsta jólabláð Völsungs kom út árið 1978?

að íþróttamaður ársins á Húsavík var fyrst valinn 1977 og hefur verið valinn alla tíð síðan, fyrir utan árið 1985?

að í upphafi hélt íþróttafélagið Víkingur, það var ekki fyrri en ári eftir stofnun þess sem félagsmenn breyttu um nafn og stóð þá valið á milli Völsungs og Hennigs. Það þarf vart að nefna að nafnið Völsungur varð ofaná?

að Völsungur spilaði sinn fyrsta kappleik 19. apríl 1927 gegn Reykdælingum í Reykjadal, keppt var í knattspyrnu og báru Húsavíkingar sigur úr bítum?

að salur Borgarhólsskóla var tekinn í notkun haustið 1959? Völsungur fékk aðgang að salnum utan skólatíma. Aðstæður til íþróttaiðkunar á vegum Völsungs gjörbreyttust og alla tíð síðan hefur starf félagsins verið stöðugt á ársgrundvelli.

að árið 1981 hófust framkvæmdir við Íþróttahöllina á Húsavík? Framkvæmdum lauk stuttu fyrri landsmót UMFÍ sem haldið var á Húsavík árið 1987 og var Íþróttahöllin vígð við það tækfæri.

að árið 1988 var fyrsta heila starfsár Íþróttahallarinnar á Húsavík? Húsið var í notkun frá kl. 8-23 virka daga og 9-18 um helgar, vart þarf að taka fram að Höllin gjörbreytti allri íþróttaiðkun á Húsavík?

að tvö dönsk unglingalið heimsóttu Húsavíkinga árið 1966 og var það í fyrsta sinn sem erlent knattspyrnulið heimsótti Völsunga?

að annar aldursflokkur Völsungs í handknattleik kvenna varð Íslandsmeistari árið 1969? Mótið fór fram á Neskaupsstað og var leikið utanhuðss.

að árið 1973 tók meistaraflokkur í handbolta þátt í 3. deild í Íslandsmóti og spilaði heimaleiki sína í Íþróttaskemmunni á Akureyri? Liðið sigarði deildina með töluverðum yfirburðum.

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

JONSSON & LEMACKS • JULIS • SIA



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jölagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Frjálsar íþróttir



Árið 2014 hefur verið viðburðarríkt og gott fyrir iökendur í frjálsum íþróttum. Í þessum pistli ætlum við ekki að telja upp einstök afrek iökenda heldur segja frá starfi ráðsins. Þess má til gamans geta að við erum að taka í notkun nýja heimasiðu og er slóðin www.frjalsar.hsth.is

Tvær æfingar eru innanhúss fyrir bæði eldri iökendur og yngri í hverri viku á Húsavík. Ein æfing var innanhúss í viku á Laugum fyrri hluta árs en vegna góðrar þátttöku var ákveðið að hafa tvær æfingar innanhúss í vetrur. Æfingar utanhúss höfust á Laugavelli um miðjan maí

og voru tvær æfingar í hverri viku þessar æfingar voru mjög vel sóttar. Ákveðið var að bjóða upp á útiæfingar fyrir yngri iökendur á Húsavíkurvelli en vegna dræmrar þátttöku gekk það því miður ekki.

Í janúar fórum við með 10 keppendur á ÍR-mótið í Reykjavík. Góður árangur náðist og tveir verðlaunapeningar í hús. Meistaramót Íslands 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram í febrúar og var það einnig í Reykjavík. Fimm keppendur fóru frá HSP og voru fjögur þeirra að fara á sitt fyrsta Íslandsmeistaramót. Meistaramótin eru stigamót þar sem 10 efstu sætin í hverri grein fá stig. Samtals fengu keppendur HSP 13 stig fyrir HSP en engin verðlaunasæti náðust að þessu sinni. Ekki það að verðlaunapeningar skipti öllu máli heldur er þessi árangur frábær þar sem þau æfa oftast nær ekki nema einu sinni í viku á meðan jafnaldrar þeirra úr örðrum félögum æfa við bestu aðstæður þrisvar sinnum í viku eða oftar. Þetta sýnir að þrátt fyrir mikinn aðstöðumun eiga þau fullt erindi á svona móti sem gefur þeim einnig hvatningu til að halda áfram að æfa.

Marsmót var haldið í íþróttahöllinni á Húsavík og var að venju fjölmennt.

Akureyrarmót UFA í frjálsum íþróttum var haldið í lok apríl í Boganum á Akureyri. HSP átti þar 13 keppendur á aldrinum 11-16 ára. Ákveðið var að leigja sal og gista nóttina fyrir móti til að hrista hópinn saman fyrir mótið því ekki er síður mikilvægt að hittast og kynnast utan vallar. Þetta var skemmtileg kvöldstund og margt var brallað. Árangur af mótinu var mjög góður 15 verðlaunasæti náðust.

Frjálsíþróttaskólinn var haldin 10. júní á Laugum og voru 10 krakkar á aldrinum 10-13 ára skráðir. Frjálsíþróttaráð sá um framkvæmd skólangs en Jón Benónýsson (Brói) stjórnaði æfingunum. Einnig fengum við Hafdísi Sigurðardóttur til að koma og sjá um tvær æfingar og spjalla við krakkana eftir æfingu þar kom m.a. fram að hún tekur lýsi á hverjum degi og segir það mjög mikilvægt sérstaklega yfir vetrartímann. Einnig taldi hún mikilvægt að koma vel hvíldur á æfingar, ekki svangur, vera vel klæddur og hlusta á þjálfarann og fara eftir því sem þjálfarinn segir. Hún hvatti krakkana til að vera dugleg að æfa og nota þennan frábæra völl okkar sem við eignum á Laugum.

Frjálsíþróttaráð sá um frjálsíþróttakeppni á Landsmóti 50+ sem var haldið á Húsavík í sumar og voru iökendur duglegir að starfa með okkur við framkvæmd mótsins.

Sumarhátíð UÍA var haldin á Egilsstöðum í byrjun júlí og þangað fóru 7 keppendur frá HSP. Þeir náðu góðum árangri sem merkja má af því að þeir fengu 31 verðlaunapening. Auk þess vann Arna Dröfn Sigurðardóttir bikar fyrir stigahæstu afrek mótsins af kvenkyns keppendum.

Sumarleikar HSP fóru fram á Laugavelli í júlí. 34 keppendur frá HSP kepptu á sumarleikunum. 35 verðlaunasæti náðust og einnig áttum við eina boðhlaußsveit á palli. Á sumarleikunum skoraði Brói þjálfari á Þorsteinn Ingvarsson í 60 m. hlaup en Brói átti í sumar 50 ára keppnisafmæli í frjálsum íþróttum. Þorsteinn vann en Brói hljóp á 10,10 sek.

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum 11-14 ára fór fram á Þórvelli á Akureyri um miðjan ágúst. 13 keppendur fóru frá HSP og urðu þeir í 5. sæti í heildarstigum mótsins, flottur árangur. Á mótinu varð Guðni Páll Jóhannesson 11 ára keppandi HSP íslandsmeistari í kúluvarpi þar sem hann kastaði kúlunni 8.06 metra. Alls komu 7 verðlaunasæti í hlut HSP.

HSP átti 24 keppendur í frjálsum íþróttum á unglingslandsmótinu á Sauðárkróki. Keppendur HSP fengu 8 verðlaunapeninga og tvær boðhlaußsveitir komust á pall. Unglingslandsmót er farið að skipa stóran sess hjá mörgum fjölskyldum keppenda HSP enda er þetta hin besta fjölskylduskemmtn og frábær stemming ætíð í hópnum.

Í lok ágúst hélt frjálsíþróttaráð lokahóf eftir gott sumar. Haldið var lítið frjálsíþróttamót á Laugavelli og á eftir voru grillaðir hamborgarar ofan í iökendur og gesti. Brói þakkaði iökendum í frjálsum fyrir sumarið og sagði þau hafa staðið sig með sóma sem fyrr og verið sér og sínum til fyrirmyndar hvar sem þau komu. Í lokin voru veittir bikarar fyrir stigahæstu keppendur HSP á Sumarleikunum, en það voru þau Arna Dröfn Sigurðardóttir og Heimir Ari Heimisson sem hlutu þá.

Núna vinnur frjálsíþróttaráð að útgáfu dagatal eins sem við gefum út árlega.

Að lokum viljum við þakka öllum iökendum og þjáfurum fyrir skemmtilegt ár og foreldrum fyrir aðstoð á mótiðum. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur í frjálsum á undanförnum misserum og minnum á að dagatal sem frjálsíþróttaráð vinnur að um þessar mundir kemur út í byrjun nýs árs.

Flugfélagið Ernir
óskar Völsungum
gleðilegra jóla
og heillaríks komandi árs



EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.

skarpur
þingeyskur fréttamiðill



**Óskum iökendum okkar
og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum góð samskipti á árinu
sem er að líða.**

**Hulda Elín Skarphéðinsdóttir formaður
Sigþróður Stella Jóhannsdóttir gjaldkeri
Magnea Dröfn Arnardóttir ritari
Jóhanna Svava Sigurðardóttir
meðstjórnandi
María Sigurðardóttir
meðstjórnandi**

TaeKwonDo

TaekwonDo deild Völsungs byrjaði sem prfuverkefni í janúar 2013 og höfum við verið undir merkjum karate deilda Völsungs en stefnan er á vordögum að leggja til að sameina þessar deildir í Bardagaþróttadeild Völsungs. Með þessari sameiningu verður TaeKwonDo deildin hluti af TKÍ (TaeKwonDo samband Íslands) sem er samband innan ÍSÍ og öðlumst við þá þátttökurétt á mótmum sem TKÍ heldur á hverju ári.

Aðsóknin hefur verið mjög góð þessi tvö ár sem við höfum verið starfandi. Margir krakkar og fullorðnor hafa komið á æfingar og fengið að prófa þessa nýju íþróttarein hjá Völsungi. Mikil endurnýjun var hjá okkur núna í haust og eru um 15 krakkar og sex fullorðnor sem mæta reglulega á æfingar. Hlutfall milli kynja hefur jafnast út frá því í fyrra þegar einungis ein stelpa var að æfa en í dag eru þær um helmingur iðkenda.

Við fengum í lið með okkur í upphafi master Sigurstein Snorrason sem er 6. dan í TaeKwonDo og erum við einnig í góðu samstarfi við TaeKwonDo deild Þórs á Akureyri. Sigursteinn hefur komið reglulega að sunnan og haldið bæði æfingabúðir og beltapróf fyrir okkur og Akureyringana ýmist hérra á Húsavík eða á Akureyri.

Á vorönnini er markmiðið að setja upp lítið æfingamót með TaeKwonDo deild Þórs og fá nokkra keppendur að sunnan til þess að vera með. Stefnt er að því að keppa bæði í sparring og poomse. Markmiðið með þessu æfingamóti er að leyfa iðkendum að kynnast því hvernig TaeKwonDo mótt fara fram, hitta og kynnast öðrum iðkendum í greininni.

**Trausti Már Valgeirsson, 1.dan
Yfirkennari TaeKwonDo Deildar Völsungs.**



Jólapistill frá Siglingadeild Völsungs

Árið 2014 var nú ekki ár siglinganna hjá Völsungi. Stefnt var að viku námskeiði þann 21. til 25. júlí og var búið að fá þá Arnar Frey Birkisson og Kristófer Reykjalín Þorláksson til að vera með námskeiðið. Þeir voru báðir leiðsögumenn á skútum Norðursiglingar í sumar. Arnar er einnig vanur siglingum og æfði, keppti og þjálfaði fyrir siglingaklúbbinn Nökkva á Akureyri. Var þetta í fyrsta skipti sem við hefðum ekki þurft að fá þjálfa frá Akureyri.

Því miður var ekki næg þátttaka á námskeiðið, einungis fjögur börn skráðu sig til leiks. Okkur þótti það því virkilega leiðinlegt að þurfa að aflýsa námskeiðinu. Við gefumst samt ekki upp og stefnum ótrauð á námskeið næsta sumar.

**Jólakveðja,
Sæunn Helga Björnsdóttir**

Óskum öllum
Völsungum gleðilegra
jóla og farsældar
á nýju ári.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þakka frábærar
móttökur í verktakabransanum



SIG ILLUGASON
MÁLARAMEISTARI
Sími 894 2707

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsun-
gum nær og fjær
gleðilegra jóla.



Grímur e.h.t. •
VÉLSMIÐJA
Garðarsbraut 48 • 640 Húsavík
Kennitala 1560390-1309 • Vsknrc 22806
Sími 464 1055 • Fax 464 2055

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



b Bílaleiga Húsavíkur
Garðarsbraut 66 • Húsavík

Óskum Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Hestamiðstöðin Saltvík
óskar öllum Húsvíkingum
og öðru góðu
og skemmtilegu
fólk gleðilegra jóla
og farsældar
á nýju ári :)



Saltvik
Hestamiðstöð / Horse Center
Húsavík



JAKO



www.jakosport.is

Völsungsvörurnar frá JAKO
fást í Skóbúð Húsavíkur


Heimabakari
óskar

Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla



JÓLAKVEÐJA HÚSASMIÐJAN í heimabyggð

Vallholtsvegi 8 Húsavík 464-8500



HÚSASMIÐJAN

Tímavélin....Myndir frá fyrri tíð



Sund

Sundstarfið byrjaði með hefbundnu sniði líkt og oft áður, eldri krakkarnir æfa tvisvar í viku og hafa kost á að fara á Lauga einu sinni í viku, yngri hópurinn og Laugarbörnin æfa tvisvar í viku. Krakkarnir hafa sótt eftirfarandi sundmót og aðra viðburði: Páskamót á Húsavík í mars, æfingabúðir á Laugum, Lionsmót Ránar á Dalvík, uppskeruhátið og sundmót á Húsavík 17. júní. Sprengimót Óðins á Akureyri í september, Héraðsmót á Laugum í október, verðlaunaafhending og pizzaveisla á Húsavík í október og jólamót Óðins á Akureyri í desember.

Bess má geta að krakkarnir stóðu sig öll mjög vel á þessum mótmum og bættu mörg hver tímana sína.

Haustið byrjaði eins og venjulega, héraðsmótið okkar var haldið 11. okt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu og Geisla og stóðu krakkarnir sig frábærlega, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokkini var Sif Heiðarsdóttir frá Völsungi en í karlauflokki náði enginn keppandi öllum greinunum sem þarf til að vinna bikarinn. Sif var einnig valin sundmaður Völsungs í floknum 16 ára og yngri fyrir árið 2014, einnig var Sif valin sundmaður HSP fyrir árið 2014.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 27. október, þar mættu börnin borðuðu saman pizzu og skemmtu sér vel undir stjórn þjálfara.

Æfingar eru á Laugum tvisvar í viku og sjá Valgerður Jósefsdóttir og Matthildur Ósk Óskarsdóttir um þær, 20 börn frá félögum Eflingu og Geisla æfa á Laugum tvisvar í viku. Yfirþálfari er Valgerður Jósefsdóttir og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru: Matthildur Ósk Óskarsdóttir, Hrund Óskarsdóttir og Ingibjörg Ósk Ingvadóttir. Á Húsavík æfa rúmlega 20 börn sem er svipaður fjöldi og hefur verið.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Valgerður Jósefsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir. Tengiliður í sveitinni er Járnbrá Björg Jónsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundnefndar HSP
Elísabet Sigurðardóttir.**

Óskum þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs,
þökkum viðskiptin
á árinu.



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.

HÖFÐAVÉLAR ehf.




Sparisjóðurinn óskar
viðskiptavinum sínum
sem og öllum þingeyingum
gleðilegra jóla og farsæls komandi
árs með þökk fyrir viðskiptin á
árinu.



*Óskum Völsungum
og Húsvíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða*



Trésmiðjan Rein ehf



Jólakveðja

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Pingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Pingiðn

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum
og landsmönnum öllum
bjartrar framtíðar,
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



NORÐURÞING

Íþróttaskóli og hreyfingaskóli VÖLSUNG

Hreyfingaskóli

Hreyfingaskólinn er unnninn í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í hreyfiskólann og eru þar í 45 min. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 20 börn eru skráð á haustönninni.

Það hefur verið mikið fjör í tímunum hjá okkur og vonum við að krakkarnir hafi gaman að þessu og haldi áfram að taka þátt í Hreyfingaskólanum á meðan hann er í boði fyrir þau. Það er von míni að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þráð hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum boðið uppá markvissa og skemmtilega hreyfingu fyrir börn í framtíðinni.



Það er von míni að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þráð hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum boðið uppá markvissa og skemmtilega hreyfingu fyrir börn í framtíðinni.

Kveðja, Unnar Þór

Íþróttaskóli

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s. tveir hópar yngri og eldri barna. Í haust eru skráð 45 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra. Það er ávallt mikið fjör á laugardögum í íþróttahúsini þegar börnin mæta á svæðið og fá að hreyfa sig í þessu stóra rými sem í boði er. Þau fá að spreyya sig á ýmsum æfingum og þrautum sem efla almennan hreyfijbroska, áhuginn og ánægjan hjá þeim er mikill, og ávallt eru börnin jafn þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandi andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí.

Bestu kveðjur, Áslaug og Unnar Þór

KEA
síðan 1886

Óskum Völsungum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

Blak

Starfsemi blakdeildar Völsungs gengur vel og jafn og góður hópur fólks æfir þessa skemmtilegu íþrótt. Síðasta veturni stunduðu riflega fimmtíu manns blak í flokki fullorðinna og tuttugu krakkar sem æfðu krakkablak. Þjálfarar síðasta veturni voru Bjarni Páll Vilhjálmsson og Jóhanna Guðjónsdóttir og krakka-blakinu sinntu Erla Bjarnadóttir, Jóna Fríða Kristjánasdóttir, Rannveig Þórðardóttir, Jóna Matthíásdóttir auk Bjarna Páls.

Að venju tókum við þátt í nokkrum hraðmótum sem haldin eru á Norðurlandi auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega Nýársmóti fyrstu helgi janúar mánaðar með þátttökum 30 liða en tvö lið urðu frá að hverfa vegna ófærðar. Þá tók karlalið Völsungs þátt í Fjallalambsdeildinni (utandeildarlið á Norðurlandi).



Öldungamót Blaksambands Íslands, KALEIKUR 2014, var að þessu sinni haldið á Akureyri og Dalvík dagana 28. – 30. apríl í umsjón blakdeilda KA. Mikill áhugi er fyrir öldungablaki á landinu öllu og enn fjölgar keppendum, nú voru þeir tæplega 1100 í 154 liðum, 48 karlalið og 106 kvennalið. Keppt var í 22 deildum, 7 karladeildum og 15 kvennadeildum, alls 462 blakleikir.

Enn eitt árið mætti Völsungur til leiks á Öldungamóti BLÍ með 6 lið. Eitt karlalið sem spilaði í 2. deild karla og fimm kvennalið sem spiluði í 1., 3., 4., 9., og 12. deild kvenna.

Völsungur átti tvö lið á verðlaunapalli, Völsungur B sigraði glæsilega í 3. deild og Völsungur D náði 3.sætinu í 9. deild.

Öldungamótið 2015 verður í umsjón Þróttar Neskaupsstað og haldið þar í bæ dagana 30. apríl – 2. maí.

Líkt og síðustu sumur var sett upp blaknet í Suðurfjöru, þrátt fyrir gott sumar var ekki mikið um blakspil í fjörunni en við stóðum þó fyrir okkar árvissa viðburði sem er „Strandblakmót“ á Mærudögum. Þátttaka var góð og tóku t.d. fjölmargir gestir utan Húsavíkur þátt. Sigurvegarar Mærudagsmótsins 2014 voru Davíð Búi Halldórsson og Steinþór Traustason frá Akureyri. Norðlenska veitti verðlaun fyrir efstu sætin og bauð ásamt Blakdeild Völsungs til grillveislu.

Starf blakdeilda fór rólega af stað í haust. Þ.e.a.s. við hófum æfingar í september og svo tóku þjálfarar við keflinu í október. Nokkrir verma sjúkralistann og munu því ekki vera klárir fyrr en eftir áramót en í heild eru rúmlega fimmtíu aðilar skráðir á æfingalista. Tvö kvennalið frá Völsungi tóku þátt í Rimamótinu á Dalvík og enduðu þar í 1. og 3. sæti í 1. deild og þá tóku fjögur Völsungslið þátt í hraðmót KA sem haldið var í lok nóvember.

Jöfn og góð mæting er á æfingar en æft er þrisvar í viku, fjörutíu manns eru nú í blaki fullorðinna, meirihlutinn konur.

Stelpurnar í eldri hópi í krakkablakinu byrjuðu að æfa strax í septemberbyrjun vegna Íslandsmóts sem haldið var í lok september. Þær æfa tvívar í viku undir leiðsögn Erlu Bjarnadóttur og Jónu Matthíásdóttur. Yngri hópurinn hóf æfingar um miðjan október af miklum krafti og hafa um þrjátíu krakkar mætt á æfingar, einu sinni í viku, undir leiðsögn Lúðvíks Kristinssonar, Rannveigar Þórðar og Dagbjartar Erlu Gunnarsdóttur. Allt það starf er unnið í sjálfboðavinnu.

Stelpurnar í 4. flokki (eldri hópur) í krakkablakinu tóku þátt í Íslandsmóti í september og stóðu sig mjög vel. Næsta móti fyrir krakkana er ekki fyrr en í maí á næsta ári og því höfum við verið að búa til skemmtilega viðburði fyrir hópinn.

Fyrstu helgina í nóvember fengum við þrjú lið frá KA í heimsókn og áttum við skemmtilegan dag sem lauk með sameiginlegri pizzuveislu. Hvert lið spilaði þrjá leiki og var þetta virkilega lærðómsríkur og gefandi dagur fyrir iðkendur og þjálfara. Stór hópur foreldra fylgdist einnig með og allir skemmtu sér vel.

Fyrirhugað er að halda tveggja daga móti á Húsavík í mars með þátttökum liða frá norður- og austurlandi.

Þjálfarar í flokki fullorðinna eru Bjarni Páll Vilhjálmsson, Jóhanna Guðjónsdóttir og Valgeir Páll Guðmundsson.

Í stjórnanum blakdeilda sitja; Trausti Jón Gunnarsson formaður og meðstjórnendur eru Erla Dögg Ásgeirs dóttir, Erla Bjarnadóttir, Jóna Matthíásdóttir, Kristjana Rikey Magnúsdóttir og Elín Guðmundsdóttir gjaldkeri.

Nýársmóti Völsungs verður haldið í tuttugasta sinn 9. – 10. janúar 2015 og við bjóðum alla bæjarbúa velkomna í Íþróttahöllina til að fylgjast með skemmtilegu blaki og miklum tilþrifum.

Við sendum Völsungum og öðrum Þingeyingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.

Starfsfólk ÍSNET
óskar öllum gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.

Óskum öllum
Völsungum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum
samskiptin
á liðnu ári.

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.

Fiskeldið á Haukamýri ehf

Skíði

Einn iðkandi stundaði reglulegar æfingar þetta árið og var æft í Kröflu með Mývetningum eins og undanfarin ár. Þjálfarar voru Stefán Gunnarsson og Eyrún Björnsdóttir.

Árið byrjaði á því að fara æfingarferð til Winter Park í Colorado í Bandaríkjunum. Það voru sjö æfingakrakkar 12 ára og eldri, ásamt foreldrum og þjálfurum sem fóru í þessa ferð. Ferðin var virkilega vel heppnuð og frábær byrjun á vetrinum. Skíðað var 9 daga af 10, einn dagur féll niður vegna veðurs.

Skíðaæfingar voru þrisvar sinnum í viku en það gekk frekar erfiðlega sökum veðurs að halda úti æfingum og voru því frekar fáar æfingar í vetrur. Til stóð að fara á móti í Stafdal þann 9. febrúar en því var aflyst. SKINOR

helgi var á Siglufirði 15. og 16. febrúar þar sem æft var stíft undir leiðsögn þjálfara frá skíðadeildunum á Norðurlandi. Einnig var haldin keppni í svigi. Ljómandi skemmtileg helgi á Siglufirði. Þá var farið á Jónsmót á Dalvík, þar sem keppt er bæði í sundi og á skíðum. Það var haldið 28. febrúar til 1. mars. Veðrið hefði mátt vera betra en þetta gekk allt upp að lokum.

Í mars náðum við ekki nema fjórum æfingum, aðallega þar sem æfingar félru niður vegna veðurs.

Þegar líða fór að Andrésar Andarleikunum bættust fjórir ungr skíðakappar við sem vildu endilega fá að taka þátt á Andrés. Þeir náðu þrátt fyrir veður og færð að mæta á nokkrar æfingar í Mývatnssveit. Andrésar Andarleikarnir fóru svo fram 24. til 26. apríl. Það fór svo þannig að þessi eini iðkandi Völsungs síðustu ár gat ekki tekið þátt á Andrés sökum meiðsla. Sem betur fer höfðu því þessir fjórir flottu ungu skíðakappar bæst í hópinn og því fóru fjórir keppendur á Andrés í alpagreinum. Gekk þeim öllum ljómandi vel og vonandi höfðu þeir gaman af og halda áfram að stunda þessa skemmtilegu íþrótt.

**Skíðadeildin óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári,
Sæunn Helga Björnsdóttir formaður skíðadeilda Völsungs**



Gleðileg jól farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!

Meistaraflokkar í knattspyrnu



Mynd: 640.is

Meistaraflokkur karla 2014

Fyrsta verkefni meistaraflokks var Kjarnafæðismótið í byrjuna árs. Liðið spilaði fjóra leiki og niðurstaðan varð 5 sætið, töpuðum tveimur og sigruðum two.

Næsta verkefni var lengjubikarinn, við vorum í sex liða riðli og er skemmt frá því að segja við sigruðum hann nokkuð sannfærandi þrír sigrar og tvö jafntfeli. Völsungur komið í undanúrlit í b riðli. Þar drögumst við á móti Leikni F og var sá leikur spilaður á Húsavík. Endaði sá leikur 1-6 og ekki bara að við töpuðum heldur misstum við leikmenn í meiðsl þannig hann verður ekki frekar rifjaður upp hér. Íslandsmótið nálgalist og voru menn nokkuð sáttir með undirbúninstímabilið ef 1-2 leikir eru undanskildir. Eins og margoft hefur komið fram var liðið gjörbreytt frá árinu 2013. Heimamenn fengu stærra hlutverk og var það þeirra hlutverk að draga vagninn sumarið 2014. Íslandsmótið hófst og af fyrstu sex leikjum var aðeins einn heimaleikur og uppskeran rýr aðeins fjögur stig. Framundan var mikil fallbarátta, þar sem allir þurftu að standa saman.

Griðarlegur stígandi var í liðinu í sumar, síðasti þriðjungur Íslandsmótsins var ótrúlegur, leikmenn lögðu gríðarlega mikið á sig, þó svo að stigin hafi ekki komið eins og við vildum þá er mikilvægt að menn sýni vilja og framfarir.

Það er sorglegt að segja frá því að við féllum á markatölu, eitthvað sem aldrei hefur gerst í 12 liða deild á Íslandi að lið falli með 22 stig. En það sem ekki drepur, styrkir mann.

Bung spor fyrir undirritaðann, leikmenn, stjórnan og aðra Völsunga.

Reynslan sem leikmenn fengu í sumar var gríðarlega mikil, stígandinn í liðinu var góður og ætti að geta nýst liðinu á komandi árum.

Ragnar Hauksson

Meistaraflokkur kvenna 2014

Stelpurnar léku í B riðli 1. deildar ásamt 8 liðum af höfuðborgarsvæðinu og Austfjörðum. Ljóst var að töluberðar breytingar höfðu orðið á liðinu frá sumrinu 2013 og þó nokkrar sterkar stelpur yfирgráu félagið. Lögðum við því frekar blint af stað inn í sumarið, með þó nokkrar stelpur að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokkí og svo nokkrar reyndari í bland. Þannig að á endanum var hópurinn eingöngu skipaður stelpum héðan af svæðinu og getum við verið stolt af því ef út í það er farið. Markmiðið var að spila góðan og skemmtilegan fótbalta og tókst það bara bærilega en því miður þá var liðinu of oft gersamlega fyrirmunað að koma boltanum yfir marklínuna hjá andstæðingunum. Fékk liðið svo að sama skapi of oft eitt mark í bakið á síðustu andartökum leiksins, alveg sárgrätilegt og svekkjandi! Þegar svona gengur getur verið auðveldast af öllu að pakka bara saman og gefast upp en það var ekki upp á teningnum hjá stelpunum, met ég það mikils við þær og kláruðu þær sumarið með sæmd. Fólkini sem stendur á bakvið hóppinn vil ég þakka kærlega fyrir samstarfið á árinu, mjög vel staðið að öllum málum þrátt fyrir að hafa ekki fullar hendur fjár. Að lokum sendi ég stelpunum, ráðinu og öllum Völlurum nær og fjær mínar beztu jólaboltagveðjur.

Róbert Ragnar Skarphéðinsson



Sumarskóli Völsungs

Sumarskóli Völsungs hóf göngu sína 16. júní og var starfræktur í sex heilar vikur eða til og með 25. júlí. Skólinn var ætlaður börnum sem fædd eru á árunum 2003-2008. Ákveðið var að hafa skólann í sex vikur í röð og stilla hverri viku upp sem sjálfstæðu námskeiði. Foreldrar gátu því skráð börn sín í stakar vikur og virtist það reynast vel.

Fjórir aðilar tóku að sér umsjón með skólanum, tryggði þetta fjölbreytileika í skólanum en enginn umsjónarmaður starfaði lengur en tvær vikur í senn. Þetta voru Guðrún Kristinsdóttir, Halldór Fannar Júlíusson, Lilja Friðriksdóttir og Heba Maren Sigurpálsdóttir. Þeim til aðstoðar voru Rúnar og Águst Brynjarssynir ásamt Ófeigi Stefánssyni, sem var fyrstu fjórar vikurnar. Eigum við þessum mannskap mikið að þakka, því án þeirra hefði sumarskólinn ekki verið samur.


Í sumarskólanum heimsóttum við björgunarsveitina, hestamannafélagið Grana, minjasafnið og slökkvistöðina ásamt því sem farið var í gullfiskatjörnina, leiki í Höllinni, í skógarferð, vatnsblöðrustrið, öðruvísí íþróttir og hláturjóga svo fátt eitt sé nefnt. Allir sem komu að sumarskólanum og buðu okkur í heimsókn tóku okkur opnum örnum og eigum við öllum aðilum bestu þakkir fyrir.

Veðrið sem við fengum hjálpaði mikið til en einungis þurfti að fara fíorum sinnum inn í Höllina vegna rigningar. Sumarskólinn gekk mjög vel og var þátttaka góð. Krakkarnir voru skemmtilegir og vonum við að sjá sem flesta að ári. Myndavélin var á lofti allar vikurnar og er hægt að nálgast allar myndir sem voru teknar í skólanum inn á fésbókarsíðu Völsungs.

Jólakveðja
Jónas Halldór Friðriksson
Umsjónarmaður Sumarskóla Völsungs



Óskum
viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Óskum bæjarbúum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs
með þökkum fyrir
viðskiptin á árinu.

Bókaverslun
Þórarins



Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Jólakveðja

Reykfiskur ehf. Húsavík óskar starfssólk sínú
og fjölskyldum þeirra, sem og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á líðnu ári.

Reykfiskur ehf.
Húsavík.



Gjafakort Íslandsbanka

Gjöf sem er alltaf efst á óskalistanum

Gjöf sem þú getur verið viss um að hittir í mark

Gjafakort Íslandsbanka er gjöf með endalausa möguleika. Kortið gildir eins og önnur greiðslukort jafnt í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum í útibúí Íslandsbanka á Húsavík.



Handbolti

Handboltinn fór vel af stað á nýju ári. Völsungur hélt úti þriðja, fjórða, fimmra og sjötta flokki drengja ásamt blönduðum hóp í sjöunda og áttunda flokki sem æfði saman. Erfiðlega gekk að koma af stað stúlknaflokki eins og undangegnin ár. Húsavíkurmótið í handbolta er haldið fyrir sjötta flokk stúlknna, eldra ár, því er afar mikilvægt fyrir Völsung að halda úti sjötta flokki stúlknna. Ef það tekst ekki tekst að manna lið í viðkomandi flokki er mótið í hættu. Stígandi hefur verið í iðkenda fjölda og er það von okkar að svo verði áfram.

Þriðji og fjórði flokkur drengja spilaðu í deildarkeppnum og stóðu sig vel. Þriðji flokkur endaði í sjötta sæti í 2. deild þrátt fyrir að hafa átt möguleika á öðru sætinu legni vel. Fjórði flokkur spilaði í 2. deild, eldra ár, og endaði í sjöunda sæti. Fimmti flokkur drengja tók þátt í fjórum helgarmótum og stóðu drengirnir sig vel. Á öðru mótinu unnu drengirnir sína deild og færðust því upp um deild þar sem þeir lento tvívegis í 2. sæti.

Blandaður hópur sjöunda og áttunda flokks fór ásamt foreldrum og þjálfurum inn á Akureyri einn laugardag þar sem starfinu var „slúttað“ með sameiginlegri æfingu með KA. Gekk það vonum framar og að lokinni pizzaveislu héldu allri glaðir heim á leið.

Á vormánuðum komu þeir Aron Pálmarsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Björgvin Páll Guðstafsson í heimsókn. Allir eru þeir brautreyndir landsliðsmenn og atvinnumenn í handbolta. Viðkoma þeirra á Húsavík var hluti af ferðalagi þeirra sem var kallað Hjólum hrингinn. Heimsóknin var góð og þeir félagar töludu við börn og unglings auk þess að leiðbeina þeim um íþróttina.

Handboltaíþróttin hefur verið í ákveðinni tilvistarkreppu og endurspeglast það hér á Húsavík sem og víða annarsstaðar á landinu. Á næstu árum mun Völsungur ekki eiga lið í meistaraflokk karla og/eða kvenna sem munu spila í deildarkeppni á Íslandi. Langtíðmarmarkmiðið er þó alltaf að halda úti meistaraflokkslíði/liðum til keppni. Eins og staðan er í dag þurfum við að hlúa að yngri flokkum og setja okkur þau markmið að ala upp framúrskarandi handboltafólk sem munu spila í efstu deildum karla og kvenna innan fárra ára. Núna um þessar mundir er verið að koma á samstarfi við íþróttfelagið KA á Akureyri um að fá ráðgjöf frá reyndum þjálfurum þeirra fyrir unga og reynsluminni þjálfara á okkar svæði. Auk þess er stefnt að hafa hér reglulega opnar æfingar fyrir börn og unglings sem þjálfarar frá Akureyri munu sjá um auk okkar þjálfara. Upphafið að þessu samstarfi kemur að hluta til vegna þess að nú spila átta ungir og efnilegir drengir handbolta með KA og Akureyri í fjórða, þriðja og öðrum flokki. Allir bessir drengir hafa æft hér og spilað síðstu ár en eru í námi á Akureyri.

Í ljósi þess að margir píltar héldu til Akureyrar í haust til náms var ekki möguleiki á að halda úti þriðja flokki á nýhofnu keppnistímabili. Hinsvegar er haldið úti öflugu starfi í fjórða og fimmra flokki drengja auk æfinga fyrir sjöunda og áttunda flokk þar sem bæði kyn æfa saman. Vegna fámennra árganga er sjötta flokki drengja ekki haldið úti en það var reynt í haust án árangurs. Sjötti flokkur stúlknna er við æfingar en er fremur fámennur og þarfnaðst þess að fleiri stúlkur komi til æfinga. Stefnt er að því að flokkurinn taki þátt í móturnum sem haldin eru áður en Húsavíkurmótið verður haldið á vormánuðum.

Stúlkur á fjórða flokks aldryr hafa nú hafið æfingar og er það frábært, sérstaklega í ljósi þess að stúlkurnar komu sjálfar og stuðluðu að því að stofnað væri til æfinga.

Fjórði flokkur drengja tekur þátt í deildarkeppni í vetur þar sem ferðast þarf um langan veg m.a. til Vestmannaeyja og Ísafjarðar. Fimmti flokkur drengja mun einnig taka þátt í a.m.k. þremur helgarmótum og vonandi því fjórða ef efni standa til.

Þjálfararnir í veturni eru Kiddý Hörn Ásgeirs dóttir með stúlknaflokka. Jón Ásbör Sigurðarson og Óskar Páll Davíðsson með sjöunda og áttunda flokki. Gunnar Illugi Sigurðsson með fimmra flokki drengja og Kári Maríus Guðmundsson og Vilhjálmur Sigmundsson með fjórða flokki drengja.

Það er von handknattleiksráðs að í framtíðinni nái Völsungur að halda uppi öflugu og fjölmennu handboltastarfi fyrir bæði kyn. Það er ekkert sem stendur í veki fyrir því að hér geti handboltinn blómstrað og alið af sér framúrskarandi handboltafólk sem tekið er eftir.

Við óskum ykkur lesendur góðir gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Jólakeðja

Páll Kristjánsson, Kiddý Hörn Ásgeirs dóttir, Margrét Magnúsdóttir og Harpa Steingrímsdóttir

Húsavíkurmót í handbolta 2014.

Húsavíkurmótið í handbolta haldið í apríl fyrir 6. flokk stúlknna, eldra ár. Mótið var síðasta móti til Íslandsmeistararatitils í þessum flokki. Keppendur voru liðlega 200 talsins frá 14 félögum og spilaðir voru um 60 leikir á tveimur dögum. Þærjir frá ÍBV sigruðu mótið og stóðu uppi sem Íslandsmeistarar.

Mikill undirbúnin fylgir svona fjölmennu móti þar sem útvega þarf gistingu og mat. Skipuleggja þarf deildakeppnir og leiki auk fjölda annarra starfa sem inna þarf af hendi. Skipulagsfræðinga þarf til að raða liðum í gistiþými og deila vöktum á milli foreldra okkar barna s.s. í mótneyti og kvöld- og næturvaktir. Einnig þarf að finna starfsfólk í að dæma leiki og manna tímavarðaborð en hingað til hafa leikmenn í þriðja og fjórða flokki drengja séð um það með góðum árangri.

Mótið 2014 var vel heppnað þó mótsstjórin segi sjálfur frá og viðbrögð þáttökufelaga voru afar jákvæð. Við erum afar stolt að því að geta haldið Húsavíkurmótið árlega. Það er ekki sjálfgefið að Völsungur fái að halda móti af þessari stærðargráðu. Það er því okkar að standa vel að mótinu og sýna samstöðu í verki.

Mótið hefur hingað til verið vel stutt af ýmsum fyrirtækjum og óskandi er að svo verði áfram. Norðlenska, MS og Íslandsbanki hafa stutt dyggilega við mótið og fyrir það ber að þakka. Hvalastafnið og sundlaug Húsavíkur eiga þakkir skilið fyrir að halda opnu fyrir gesti mótsins, lengt opnunartíma sem og að bjóða frítt í sund. Fosshótel hefur leigt okkur aðstöðu til mótneytispjónustu sem er ómissandi báttur við mótsstjórið. Óskin er su að fyrir komandi móti náist sátt um að nota mótneyti Borgarhlósskóla, þar sem stór hluti mótsgesta heldur til í skólanum.

Öllum sem komu að skipulagningu og framkvæmd mótsins eru færðar kærar þakkir með þeirri von að hægt verði að sækja í þeirra viskubrunn næstu árin. Styrktaraðilum er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag til mótsins.

Megi Húsavíkurmótið vaxa og dafna.



Gleðilega jólahátíð.
Páll Kristjánsson, mótsstjóri Húsavíkurmótsins í handbolta árið 2014.

Boccia

Starf Bocciadeilda

á liðnu starfsári 2014.

Nú líður að lokum 25. starfsári Bocciadeilda Völsungs. Stjórnin er óbreytt líkt og undanfarin ár og væri æskilegt að fá inn nýtt og áhugasamt fólk. Æfingar og þjálfun eru með hefðbundnu sniði. Fjöldi íökenda hefur aukist lítilega og ber þar helst að nefna eldri borgara og nýja „krakka hópinn“ hjá fötluðum. Æfingar hjá fötluðum eru tvívar í viku og er æft í stóra salnum. Eldri borgarar eru með tíma þrívar í viku í litla íþróttasalnum. Anna María Þórðardóttir er aðalþjálfari og henni til aðstoðar er Kristján Gunnarsson og aðrir stjórnarmenn eftir þörfum. Deildin sendir keppendur á öll helstu mótt sem eru á vegum ÍF.



Fyrsta mótt ársins var Opna Húsavíkurmótið í Boccia sem var haldið 16. febrúar. Húsavíkurmótið er fastur liður í starfi deildarinnar með góðum stuðningi Kiwanisklúbbins Skjálfanda, sem annast alla dómgæslu, merkingu valla og kemur að öllum undirbúningi mótsins. Mótinu stýrðu að venju Bragi Sigurðsson og Kristín Magnúsdóttir úr stjórn Bocciadeilda.

Mótið tókst afar ver og voru 34 sveitir sem skráðu sig til leiks í formi firmakeppni. Þá var í fyrsta sinn boðið uppá keppni í krakkaflokki fatlaðra og tókst það með ágætum, en krakka-boccia hófst hjá deildinni í upphafi ársins.

Úrslit:

1. sæti, F-sveit heldriborgara, Frida Jóh. og Sigrún Hauksd.

Verðlaun, ferð fyrir two Húsavík-Reykjavík-Húsavík með Flugfélaginu Ernir.

2. sæti, Sveit frá Norðurþingi, Timon og Pumbaa, Kristbjörn Óskarss. og Guðbjartur E Jónss. Verðlaun, gjafabréf frá Skóbúð Húsavíkur og Body lotion frá Lyfju

3. sæti, A-sveit frá Landsbankanum, Bergþór Bjarnason og Guðný Ríkharðsdóttir.

Verðlaun, frá Miðjunni, tveir „Hemmi gleðigjafi“

Húsavíkurmeistararnir í Boccia 2014, F-sveit heldriborgara, hlaut að launum glæsilegan farandbikar sem gefinn var af Norðlenska ehf og var nú keppt um í þriðja sinn. Verðlaun öll voru glæsileg og sýnir hug fyrirtækja til Bocciadeildarinnar. Mótið var afar skemmtilegt og spennandi en fjöldi leikja fór í bráðabana. Sjáumst hress á næsta „Opna Húsavíkurmóti í Boccia“ nú í febrúar.

Þá var mætt frá Bocciadeild ÍFV með fjlómennt og frækið lið á öll önnur boccia-mót á vegum ÍF og víðar s.s. ísl.mót í liðakeppni sem haldið var að þessu sinni samhlíða árlegu Hængsmóti á Akureyri um mánaðarmótin apríl-mai. Árangur var viðunandi en C-sveit Völsungs með þeim Önnu Maríu Bjarnadóttur, Þorgerði Þórðardóttur og Bryndísí Benediktsdóttur gerðu sér lítið fyrir og varð í 2. sæti í 3. deild.

Sumarið var einnig viðburðaríkt. Bocciadeildin ásamt Kiwanisklúbbnum Skjálfanda tók að sér framkvæmd við bocciakeppnina á Landsmóti UMFÍ 50+. Mótið var vel lukkað og átti deildin lið í mótinu sem keptu fyrir HSþ.

Þá var Sylgja Rún Helgadóttir valin til að taka þátt á Evrópuleikum Special Olympics dagana 13. - 21. september sem haldnir voru í Antwerpen í Belgíu. Lið Sylgju lenti í þriðja sæti í sínum styrkleikaflokki sem er frábær árangur. Í tvímeningnum lenti Sylgja, ásamt Guðnýju Tómasdóttur, í 5. sæti.

Starfið hófst með látum í haust með ferð á íslandsmótið í einstaklingskeppni á seyðisfyrði fyrstu helgina í október. Þar varð Kristbjörn Óskarsson Íslandsmeistari í 1. Deild. Um 200 keppendur voru skráðir til leiks og lauk mótinu með veglegu lokahófi í íþróttamiðstöð Seyðisfjarðar. Glæsileg og skemmtileg ferð hjá keppendum og fararstjórum Bocciadeilda ÍFV.

Þá var það Norðurlandsmótið sem haldið var á Akureyri 25. okt. og átti Völsungur hvorki meira né minna en níu lið en keppt var í tveggja manna liðum.

Þeir félagar Kristbjörn Óskarsson og Ásgrímur Sigurðsson náðu bestum árangri í flokki þroskahamlaðra og komust í úrslit. Völsungur átti þrjú lið í opnum flokki, tvö frá félagi eldriborgara og eitt frá Bocciadeild Völsungs. Í opna floknum áttu Völsungar fólk í 2. og 3. sæti. Sigríður Valdimarsdóttir og Jóhann Þórarinsson lento í 2. sæti og Einar Annel Jónasson og Anna María Þórðardóttir lento í 3. sæti. Mótið tókst í alla staði vel og endaði að sjálfsögð á lokahófi.

Í flestar ferðir ársins var farið á bíl frá Fjallasýn, og bílstjóri að venju formaðurinn Bragi Sigurðsson. Stuðningur fyrirtækja eins og Fjallsýn ehf er deildinni ómetanlegur.

Fjároflun Bocciadeilda ÍFV er með svipuðu sniði og undanfarin ár, þessa dagana banka félagar í deildinni upp á í heimahúsum eða verða við verslanir að selja jólakortin frá ÍF og fulltrúar deildarinnar bjóða fólk að kaupa hangikjöt frá Norðlenska. Þá er það árleg firmakeppni deildarinnar á Opna Húsavíkurmótinu og sala veitinga í sjóppu á mótmum og öðrum viðburðum hjá deildinni.

Að venju var aðalstyrktaraðili deildarinnar Kiwanisklúbburinn Skjálfandi, og eru fulltrúar hans í stjórninni.

Liðið starfsár var afar gott, sérstaklega í starfi og keppni. Ætlunin er að starfið verði með hefðbundnum hætti á komandi ári þó markmiðið sé alltaf að gera betur frá ári til árs.

Vill Bocciadeild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfssári.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár.
f.h. Bocciadeild ÍFV/Egill Olgeirsson**

Verslunin Snældan
óskar Völsungum og öllum
öðrum gleði og gæfu með
von um gott gengi
í framtíðinni



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á arinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



Kristbjörn Óskarsson, Íslandsmeistari í Boccia.

Kristbjörn Óskarsson eða Kidda Óskars eins og hann er oftast nefndur þarf vart að kynna fyrir lesendum Jólablaðs Völsungs, hann er einn öflugasti bocciaspilari Völsungs og hefur unnið til fjölda verðlauna á mótum bæði í liða og einstaklingskeppni.

Á árinu afrekaði hann m.a. að verða hlutskarpastur á Íslandsmótinu í einstaklingskeppni sem heldið var á Seyðisfirði í október og stóð uppi sem Íslandsmeistari í 1. deild, en keppendur á mótinu voru um 200. Egill Olgeirsson í stjórni Bocciadeildar Völsungs hitti Kidda að því tilefni fyrir skömmu og átti við hann stutt spjall um um boccia-ferilinn og starfið í Bocciadeildinni.

Nafn, aldur, uppruni og heimilishagir? Kristbjörn Óskarsson, ég er fæddur 15. apríl

1963 (á sama afmælisdag og Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti), Húsvíkingur í húð og hár, sonur hjónanna Öldu Guðmundsdóttur og Óskars Guðmundssonar og ólst upp á Höfðavegi 8 (Bræðraborg). Er giftur Önnu Maríu Bjarnadóttur og búum við í Grundagarði 4. Minn aðal vinnustaður í yfir 30 ár er á skrifstofu Norðurþings þar sem ég er sendill og ýmislegt fleira.

Hvenær hófstu æfingar á vegum Bocciadeildar Völsungs? Ég kynntist fyrst íþróttum (boccia og sundi) með Jónasi bróður hjá Íþróttasambandi fatlaðra (ÍF) 1977 þegar ég var í Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík, en Jónas æfði þá sund á þeirra vegum og var afreksmaður í flokki fatlaðra. Þegar Bocciadeild Völsungs var stofnuð 1990 var ég einn af stofnendum og tók þá aftur upp þráðinn og hef æft og keppt í boccia allar götur síðan eða í um 25 ár.

Hvernig er aðstaðan til Boccia-iðkunar á Húsavík? Bocciadeildin hefur tíma í Höllinni, bæði aðstöðu í litla salnum og einstaka tíma í stóra salnum, þannig að aðstaðan er góð og ásættanleg. Starfið innan deildarinnar er kraftmikið og þeir sem taka þátt mæta vel á æfingar og stunda íþróttina af miklum áhuga. Stjórnin heldur vel utan um starfið hvað varðar skipulag æfinga, þáttöku og ferðir á móti svo og annað starf s.s. við fjárlanir ofl.

Nú varst þú Íslandsmeistari í 1. deild í haust, hvernig er tilfinningin að standa uppi sem sigurvegari í efstu deild? Það var góð tilfinning, en mótið var strangt og maður var alveg búinn í mótslok, þá var endað á glæsilegu lokahófi sem var frábært eins og flest hóf að lokinni keppni á stórmótum.

Ég hef áður orðið Íslandsmeistari fyrir allmögum árum, fyrst í 2. deild og einu sinni áður í 1.deild.

Hver er galdurinn og hversu miklar æfingar liggja að baki svo góðum árangri? Ég hef alltaf stundað æfingar af kappi og mætt á allar æfingar sem eru í boði, í vetrur æfí ég two daga í viku eins og flestir aðrir sem æfa á vegum Bocciadeildarinnar. Einnig er ástæða að nefna að ég ef alltaf haft góða þjálfara og stjórnin hefur haft mikinn metnað um að iðkendur standi sig vel á móti.

Nú þegar þú ert Íslandsmeistari, hver eru markmiðin fyrir komandi ár? Ég hef allan minn feril haft það að markmiði að gera mitt besta og helst að bæta mig frá fyrri móti. En keppnin er orðin ansi hörð í efstu deild og framfarir hafa verið mjög miklar hjá fötluðum keppendum síðan ég hóf að æfa og keppa í boccia.

Eitthvað að lokum? Ég vil segja að þátttaka mín í íþróttum hefur gefið mér mjög mikil, það er alltaf gaman í boccia, maður hefur kynnt miklum fjölda af frábæru fólk, ferðirnar á öll mótin hafa verið skemmtilegar og margar hverjar ógleymenlegar. Ég hef á s.l. 25 árum keppt á öllum Íslandsmótum í boccia, Hængsmótum á Akureyri, Norðurlandsmótum, öllum Opnu Húsavíkurmótunum, tekið þátt á Landsmótum UMFÍ m.a. nú í sumar hér á Húsavík á Landsmóti UMFÍ 50+, að ógleymdri keppni á einu Norðurlandamóti. En toppurinn á ferlinum er án nokkurs vafa ógleymenleg ferð á Special Olympics mótið í Minneapolis 1995, þar kepti ég í boccia fyrir Ísland og vann gull í tvímenningiskeppni og náði silfurverðlaunum í liðakeppni. Frábær ferð og ekki síst fyrir þær sakir að þá kynntist ég Önnu Maríu fyrst sem síðar varð konan míni sagði Kiddi Óskars brosandi að lokum!

Húsavík, 15. nóv 2014/Egill Olg.



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@simnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Gönguskíði



Skíðagangan er í stöðugri sókn og alltaf sjást fleiri og fleiri á skíðum á heiðinni. Brautir voru aðallega lagðar við Einbúa enda þurfti að taka tilliti til vegarins sem var afar slæmur og því reynt að fara sem styrt. Nú er hins vegar búið að malbika veginn og stefnan er að finna svæðinu varanlegan stað og byggja upp aðstöðu, væntanlega við Reyðarárhnjúkinn. Völsungur er orðið eitt af virkustu félögum landsins í skíðagöngu. Á félagið orðið nokkra keppendur sem keppa í Íslandsgöngunni víðs vegar um landið og náðu okkar keppendur að lenda í verðlaunasætum í einhverjum keppnum á árinu. Þá hefur félagið undanfarin átt keppendur á Andrésar Andarleikunum og í ár gerðist það fyrsta skipti að félagið átti keppanda í verðlaunasæti þegar Fannar Ingi Sigmarsson sigraði sinn flokk bæði í göngu með frjálsri aðferð og einnig hefðbundinni aðferð. Fannar Ingi kom því heim með tvenn gullverðlaun þetta árið.

Að venju sá deildin um Orkugönguna og var hún haldin 14. apríl að þessu sinni. Gangan var með nokkuð breyttu sniði sem mæltist vel fyrir og verður því skipulagi væntanlega haldið áfram. Lengsta vegalengdin er 60 km og er gengið frá Kröflu til Húsavíkur. Þá var 25 km vegalengd frá Þeistareykjum til Húsavíkur og 10 km vegalengdin byrjaði við Höskuldsvatn, allar í sama sporinu. Einnig var 1 km ganga gengin við marksvæðið rétt fyrir ofan bæinn. Því má segja að allir sem stunda skíðagöngu geti fundið vegalengd við hæfi. Í fyrsta skipti voru erlendir þáttakendur þegar tvær konur frá Noregi komu og gengu lengstu vegalengdina. Hafa þær farið í fjölmargar göngur víðs vegar um heiminn og auðvitað voru þær afar ánægðar með gönguna og sögðu hana hafa algjöra sérstöðu hvað varðar víðattu og ekki síst Þeistareykjasvæðið sem þeim fannst alveg stórbrotið. Væntum við að fá fleiri erlenda aðila í Orkugönguna á komandi árum. Vert er að benda á heimasíðu göngunnar www.orkugangan.is en þar má finna myndir og myndbönd ásamt ýmsum upplýsingum.

Gleðileg jól. Skíðagöngudeild Völsungs

Óskum öllum
Völsungum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum
samskiptin
á liðnu ári.

Gleðileg jól
farsælt
komandi ár.
Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.

Völsungur þakkar vildarvinum
fyrir stuðninginn á árinu
og óskar þeim gleðilegra jóla.

Óska viðskiptavinum mínum og
öðrum Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls komandi árs.
Þakka viðskiptin á árinu
sem er að líða.

Hárgreiðslustofa
Huldu Jóns
Skálabrekku 11 - S. 464 1885

Þingeyingar!
Óskum ykkur gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.

Þökkum
liðið ár.

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.

Rifós í Kelduhverfi
óskar Völsungum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

Sendi öllum bestu jóla- og
nýárskveðjur, sérstaklega liðinu
fyrir neðan bakkann.

Doddi Ásgeirs ehf.

*Deloitte ehf. óskar
Völsungum
og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*



Deloitte.



Úddi ehf.
óskar Húsvíkingum og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum söguhornsgestum
samveruna á liðnu ári.

Axel og Trausti.

*Óskum viðskiptavinum okkar
og Völsungum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*



Takk fyrir árið
sem er að líða.



Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ



Húsvíkingar – Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.



Mótorsport

Annað starfsár deildarinnar hefur runnið sitt skeið og er rétt að fara yfir í stórum dráttum hvað meðlimir hafa verið að sýsla þetta árið.

Eins og á síðasta ári nota menn veturinn eins og hægt er, hjól eru búin fyrir vetrarakstur og keyrt er á ís og harðfenni þegar fær til þess gefst. Sem fyrr er Botnsvatnið aðalsamkomustaður hjólamanna yfir veturinn og hentar það einstaklega vel til aksturs á ís, aðallega er þessi tími þó notaður til þess að viðra sig og halda sér í akstursformi fyrir komandi sumar.

Með vorinu fór af stað umræða um aksturssvæðið sem klúbburinn hefur haft til afnota norðan Húsavíkur. Hugmyndir frá árinu áður voru teknar upp og ræddar og snemma sumars var farið í framkvæmdir á svæðinu. Fengin var jarðýta og var svæðið tekið í gegn eins mikið og hægt var. Miðað við núverandi skipulag er svæðið vel innan marka en ekki er hægt að stækka aksturssvæðið af því hreinan jarðveg hefur vantað á svæðið, er það mál hinsvegar í vinnslu og vonandi verður hægt að bæta úr því næsta vor, ásamt því að afmarka svæðið betur. Frekari uppbrygging fyrir yngri ökumenn er líka á frumstigi og reynt verður að koma fyrir „þúkabraud“ innan svæðisins svo þeir geti keyrt á lokaðu svæði með umsjón eldri félagsmanna. Það sem mestur tíminn fer í, þrátt fyrir að halda mætti að uppbrygging svona hringakstursbrautar sé lítið mál, eru einmitt reglugerðir og öryggismál. Þegar kafað var í þessa hluti kom í ljós að engar skýrar reglur eru til um þessi mál á Íslandi. Rætt var við marga menn innan Mótorsport sambands Íslands ásamt mörgum formönnum annarra klúbba og niðurstaðan var sú að við unnum okkar skipulag eftir þeim stöðlum sem aðrir klúbbar virðast miða sig við og er það aðallega tekið upp úr alþjóðareglum um aksturssvæði. Hinsvegar er verið að vinna í því að innleiða þessa staðla hér og þarf því ekki að gera stórar breytingar til að svæðið uppfylli þá staðla þegar þar að kemur.

Sinemma á þessari öld var haldið þolakstursmót á Húsavík, þótti það mjög gott og almenn ánægja var með bæði svæðið hér i kring og skipulagningu þess. Félagsmenn hafa aðeins rætt þessa hluti og er almennur áhugi fyrir því að halda slíkt móti innan einhverra ára en að koma á fót svoleiðs móti tekur langan tíma og kalla á mikla skipulagningu. MSÍ hefur tekið vel í þessa umræðu og fylgja þarf því eftir og vonandi verður þá hægt að koma þessu á áður en mjög langt um líður.

Félagsmenn keyrðu talsvert í vetrur og sumar, eins og myndir frá félagsmönnum sýna en því miður var enginn félagsmaður sem tok þátt í mótum þetta árið. Það mun vonandi breytast á næsta ári og einnig að það aukist meira eftir því sem uppbrygging á aksturssvæðinu verður meiri og betri.

Viljum við einnig hvetja þá sem hafa áhuga á sportinu að hafa samband við okkur, því fleiri sem taka þátt í þessu með okkur því betra verður félagsstarfið og sportið styrkist.

Mótorsportdeild Völsungs. Aðalgeir Sævar Óskarsson, Baldur Friðberg Björnsson, Fannar Helgi Þorvaldsson.



Spurningar fyrir unga iðkendur



Nafn: Elísabet Ingvarsdóttir 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta, hreyfiskóla og sund
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Ari Freyr Skúlason því hann er frændi minn
 3. Hvað langar þig í jólagjöf?
 - a. Inniskó og hamstur



Nafn: Halla Bríet Kristjánsdóttir 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta og hreyfiskóla
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Raggi frændi minn, hann er í landsliðinu
 3. Hvað finnst þér vera skemmtilegast við Jólin?
 - a. Opna pakkana



Nafn: Hildur Gauja 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta, en ég ætla líka að byrja í fimleikum
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Einu sinni var það Messi
 3. Hvað langar þig í jólagjöf?
 - a. Flókabusta



Nafn: Arna Jóna Hjálmarsdóttir 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta og hreyfiskólann
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Özil
 3. Hvað langar þig í jólagjöf?
 - a. Monster high púða



Nafn: Höskuldur Ægir Jónsson 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta og hreyfingaskóla
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Marco Reus
 3. Hvað langar þig í jólagjöf?
 - a. Helst í þyrlu



Nafn: Sigmundur Þorgrímsson 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta og hreyfiskóla
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Gylfi Sigurðsson, hann er nefnilega frændi minn
 3. Hvað finnst þér vera skemmtilegast við Jólin?
 - a. Að dansa í kringum jólatréð, ef ég má það einhverntímann



Nafn: Arnar Ingi Hrólisson 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Suarez
 3. Hvað borðar þú á jólunum?
 - a. Cocoa puffs og cheerios



Nafn: Karen Linda Sigmarsdóttir 5 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fimleika
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Bróðir minn
 3. Hvað langar þig í jólagjöf?
 - a. Önnu búning



Nafn: Jóhanna Heiður Kristjánsdóttir 6 ára

1. Hvaða íþrótt/ir æfir þú?
 - a. Fótbalta
 2. Hver er upphalds íþróttamaðurinn þinn?
 - a. Raggi frændi minn, hann spilar með Íslandi
 3. Hvað borðar þú á jólunum?
 - a. Það er misjafnt, t.d gæsir



Jólakveðja Héraðssambands Þingeyinga

Sendum öllum Þingeyingum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Sérstaklega þökkum við gott og mikið sjálfboðaliðastarf í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík í júní í sumar og við veglega afmælishátíð í nóvember síðastliðnum.

Minnum á að hjá HSP er til sölu mynndiskur með upptökum af landsmótum á Laugum 1946 og 1961 - og á Húsavík 1987. Einnig afmælisrit HSP 100 ára.

Upplýsingar og pöntun í netfangi; hsth@hsth.is



*Sel-Hótel Mývatn
óskar öllum gleðilegra jóla
og þakkar allt gott á liðnu ári*





VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í FRIÐI OG RÓ

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar samfylgdina á árinu óskum við öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar

á komandi ári. Sýnum alúð og aðgát um hátíðirnar og þössum vel hvert upp á annað. **VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.**